

Nd.

343. Frumvarp

til laga um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Drættir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Fastar veiðivélar: Öll veiðitæki, sem fest eru í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast, svo sem lagnet, króknet, kistur og girðingar.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggir og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

Fiskrækt: Hverskonar aðgerðir, sem ætla má, að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, svo sem klak, flutningur fiskseiða í vatnið, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs og aðgerðir til að greiða fyrir fiskför um vatn.

Fiskur: Lax og silungur.

Fiskvegir: Hverskonar mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða gera fiski auðveldari för um þau.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ferskt vatn, svo sem sjóbirtingur og sjóreyður.

Lagnir: Allir þeir staðir í veiðivatni, þar sem föstum veiðitækjum verður við komið.

Leirur: Þau svæði við sjó, sem þurr eru eða með grunnum vöðlum um stórstraumsfjöru, en sjór fellur yfir um stórstraumsflóð, og ógróin svæði við stöðuvötn, sem vatn eða ár ganga yfir í flóðum, en þurr eru eða með grunnum vöðlum þegar vötn eru lítil.

Ós í á: Þar sem straumlina þverár sameinast straumlinu höfuðár.

Ós í sjó: Það svæði í á, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um stórstraumsflóð, og niður til þess, er straumur fellur niður um stórstraumsfjöru.

Ós í stöðuvatn: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður þá er vatn stendur hæst, og þess, er straumur fellur niður, er vatn stendur lægst.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, er straumlina ár hefst.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í fersku vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja og murta.

Veidimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiditala: Tala veiddra fiska.

Veidivötn: Ár og stöðuvötn, sem veiði er í eða mætti vera í, ef fiskur væri ræktaður í vatninu.

II. KAFLI.

Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vötnum í landi sínu. Þó skal þeim, er fengið hafa veiðiskirteini þau, er ræðir um í 20. gr., heimil veiði hvar sem er til klaks eða visindalegra rannsókna, að veiðitíma liðnum og án endurgjalds til veiðieiganda.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúðinni.

3. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. málsg. 54. gr. Þó má skilja rétt til stangarveiði við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til, og mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því að leyfið sé veitt.

4. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 3. málsgrein, og er þá löglegt að landeigandi jafnframt afsali sér rétti til annarar veiði í vatninu það tímabil, er stangarveiðin er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella myndu hafa fylgt samkvæmt 1. málsg. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, og meiri hluti þeirra krefst innlausnar.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. málsg., og eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttarins krafizt þess, að þeir landeigendur, sem eigi kröfðust innlausnar, leysi einnig til sín veiðirétt í vatninu, hver fyrir sínu landi.

3. Um mat á andvirði veiðiréttarins, og greiðslu þess, fer eftir því sem segir í 67. og 68. gr.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda eigi um veiðiréttindi, sem eru eign ríkis, kirkju, sveitarfélaga og fiskræktarfélaga.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn

tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skipti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sinu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. málsg. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

1. Héraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afréttum og almenningum, sem héruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rétt er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell eftir mati, ef ekki semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal þá sú venja gilda eftirleiðis.

2. Nú hefir dorgarveiði um is verið tíðkuð að undanfögnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er ræðir um í þessari grein, eftir 4. gr.

4. Nú er fiskræktarfélag stofnað við stöðuvatn, og hverfur þá veiðiréttur til þeirra einna, er félagar eru í fiskræktarfélaginu, enda starfi félagið svo sem fyrir er mælt í samþykkt þess.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í sameignarlandi eða félagsvatni (4. gr. 1. málsg.) eða í afrétti eða almenning (5. gr. 1. málsg. og 8. gr. 1. og 2. málsg.)

III. KAFLI.

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn í landinu.

2. Í skránni skal greina:

- a. Nafn veiðivatns og legu þess.
- b. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatninu.
- c. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatninu síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, svo og þær, er síðar eru teknar til notkunar.
- d. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatninu.
- e. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatninu.
- f. Önnur atriði, sem þýðingu hafa um veiði í vatninu og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefir með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær upplýsingar, er hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf um veiðivatn þeirra.

4. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásett.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélag, eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, svo og lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmenn með veiði hafa merkingu veiðarfæra með höndum, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

3. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um merkingu veiðarfæra. Í reglugerð má kveða á um gjald fyrir merkingu, er eigandi veiðarfæra skal greiða. Gjald þetta rennur til sýslusjóðs upp í kostnað hans til eftirlits með veiði.

12. gr.

1. Hver veiðieigandi skal á mánuði hverjum gefa skýrslu um veiði sína.

2. Hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, svo og gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru svo að meiru nemi en 25 kg. á mánuði, skulu á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup sín.

3. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er ráðherra setur, og skal ráðherra sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið eyðublöð undir þær sér að kostnaðarlausu. Kostnaður við prentun eyðublaðanna greiðist úr rikissjóði.

4. Eftirlitsmenn með veiði, eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sinu umdæmi og

senda þær veiðimálastjóra. Þeir, sem skýrslur eiga að gefa samkvæmt 2. málsg. , skulu senda þær beint til veiðimálastjóra.

IV. KAFLI.

Um friðun lax og göngusilungs.

13. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annara fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Nú hefir laxveiði í sjó annaðhvort verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi 1. apríl 1922, eða tillit hefir verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, og skal þá sú veiði leyfileg framvegis.
4. Ef veiðieigendur, einn eða fleiri, í veiðivatni, er svo nærri liggur sjávarveiði, slikri sem ræðir um í 3. málsg., að ætla megji, að álitu veiðimálastjóra, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, óska að leysa sjávarveiðina til sín, þá skal það heimilt, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttarins og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 67. og 68. gr.

14. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau, er lax má í veiða.
2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem fiskur gengur í úr sjó.

15. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósum í sjó eða á leirum við sjó.
2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða í ósum í stöðuvötn, og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá ósum.
3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 2. málsg., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við eigi er talin skaðvænleg.
4. Ráðherra getur einnig, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað veiði lengra upp frá ós eða niður frá ós en segir í 2. málsg., enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatninu.

16. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 1. júní til 15. september ár hvert.

2. Göngusilung má eigi veiða nema á tímabilinu frá 1. apríl til 15. september ár hvert.

3. Á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en lagnet og dráttarnet.

4. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí, og er þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

5. Á friðunartimum þeim, sem ræðir um í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivötnum, sbr. þó 3. málsg.

17. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa milli kl. 12 á miðnætti og kl. 12 á hádegi, og aldrei nema fjóra daga í viku, frá mánudegi til fimmtudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að hafa megi ádrátt í á fimm daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsg., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

18. gr.

1. Heimilt er ráðherra að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, í hyljum undir fossum, eða á öðrum þeim stöðum, þar sem fiskur safnast fyrir vegna fyrirstöðu á göngu sinni, enda telji veiðimálastjóri hættu á því, að önnur veiðitæki á þeim stað hindri fisk svo mjög á göngu, að fiskstofni árinna sé hætta af því búin. — Með sama skilorði getur ráðherra bannað að nota fastar veiðivélar, eða vissar tegundir þeirra, í fossum eða á fossa-brúnum.

2. Ráðherra er og heimilt að banna alla veiði, aðra en stangarveiði, á tilteknum svæðum ár, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fyrir fiskstofn árinna.

3. Ráðherra getur ennfremur friðað tiltekna drætti fyrir ádráttarveiði, þar sem á er svo auðdræg, að veiðimálastjóri telur fiskstofni árinna hættu búna af ádráttarveiði.

4. Friðun þá, er ræðir um í 1.—3. málsg., má binda við tiltekinn tíma. Friðunarákvæði þessi liggja undir samþykki veiðimálanefndar.

19. gr.

1. Eigi má veiða lax eða göngusilung, er minni sé en 20 cm. að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur, minni en segir í 1. málsg., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

20. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 15.—19. gr. skal leyfilegt vera að veiða lax eða göngusilung hvenær sem er og hvar sem er og án tillits til stærðar til klaks eða vísindalegra rannsókna.

2. Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskirteini. Ráðherra gefur út veiðiskirteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skál skirteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skirteini um veiði til klaks skal þó aðeins heimila veiði í fiskihverfi því, sem klakið er starfrækt í.

21. gr.

1. Á tímabilinu frá 20. september til 1. júlí ár hvert skal vera bannað að gefa, selja eða láta lax með öðrum hætti af hendi, kaupa hann, þiggja að gjöf eða taka við honum með öðrum hætti, svo og að flytja hann úr landi. Sama gildir um göngusilung á tímabilinu frá 20. september til 1. apríl ár hvert.

2. Bann það, er ræðir um í 1. málsgr., gildir eigi um

- a. Lax eða göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
- b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á lögleyfðum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frosinn, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
- c. Lax eða göngusilung eða seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.

3. Sönnunarbyrði þess, að lax eða göngusilungur sé veiddur erlendis eða á lögleyfðum tíma, hvílir á þeim, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, er felst í þessari grein.

V. KAFLI.

Um friðun vatnasilungs.

22. gr.

1. Í vötnum, sem klak er ekki starfrækt í, skal vatnasilungur, annar en murta, vera friðaður fyrir allri veiði, annari en dorgar- og stangarveiði, á tímabilinu frá 27. september til 31. janúar ár hvert.

2. Í vötnum, sem klak er starfrækt í, skal friðunartími sá, sem ræðir um í 1. málsgr., vera jafnmörgum vikum styttri en í 1. málsgr. segir, sem tala seiða, sem sleppt er í vatn úr klaki, er mörgum sinnum hærri en veiðitala í vatninu. Þá er sleppt er í vatnið 18 seiðum fyrir hvern silung veiddan, má friðun falla niður, ef veiðimálastjóri mælir með því og fiskræktarfélag við vatnið eða $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra, er veiði eigi í vatninu, æskja þess.

3. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvernig friðun skuli stytt eftir 2. málsgr.

4 Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, í reglugerð ákvæði um friðun vatnasilungs í vötnum, þar sem hann hrygnir að sumarlagi. Skal friðunartími þá vera einn mánuður í vötnum; sem klak ekki er starfrækt í, en styttest samkv. ákvæðum 2. málsgr. í öðrum vötnum.

23. gr.

1. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra, bannað, að nokkru eða öllu leyti, silungsveiði, aðra en dorgar- eða stangarveiði, á tilteknum svæðum í vötnum, þar sem hitasilungur safnast fyrir eða þar, sem silungsgengd er mikil til hrygningar, enda sé hætta á, að önnur silungsveiði á þeim svæðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins eða rýri hann til muna.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, takmarkað eða fellt með öllu niður friðun þá, er ræðir um í 21. gr. og 1. málsgr. þessarar gr., þar sem nauðsynlegt þykir að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan kynstofn, til þess að rækta annan fiskstofn kynbetri.

24. gr.

Ákvæði 20. gr. gilda einnig um veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

25. gr.

1. Í ám má aðeins nota þau veiðitæki til laxveiða eða silungs, er hér segir: Stöng, færi, kistur, lagnet, króknet, ádráttarnet og girðingar.

2. Ráðherra getur þó leyft, að tekin séu upp önnur veiðitæki, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Leyfi þessi skal binda þeim skilyrðum um gerð tækjanna eða notkun, er nauðsynleg þykja.

3. Lagnir, sem eigi voru notaðar síðasta veiðitíma áður en lög þessi tóku gildi, má eigi taka til notkunar nema ráðherra leyfi eftir tillögum veiðimálastjóra.

26. gr.

1. Eigi má veiða lax eða silung með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til að ná á land fiski, sem fastur er á öngli eða í neti eða kominn er í kistu eða veiðikró.

2. Eigi má veiða lax eða silung með því að veita af þeim vatni.

27. gr.

1. Laxakistur og silunga skulu þannig gerðar, að í þeirri hlið kistunnar, er mest veit móti straumi, séu ekki færri en sex spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns, og má eigi vera minna bil en 4,5 cm. á milli spelanna. Slár má því aðeins hafa milli

spela, að þær gangi þvert í þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm. á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelunum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið, sem segir í 1. málsg. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má, að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir, eigi þrengra en 40 cm. og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelunum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. málsg. Eigi má garður þessi ná lengra út í á en svo, að $\frac{2}{3}$ hlutar af breidd árinna séu utan hans, og aldrei má hann ná yfir aðalstraumlinu árinna. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, skipað fyrir um, að sett skuli hlið í garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta árinna, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð, sem fyrir er mælt í 2. málsg.

4. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu hlið þau öll, er ræðir um í 2. og 3. málsg., opin standa. Inngangur í kistu skal þá vera lokaður eða hlið opið úr kistu straummegin, svo gert sem segir í 2. málsg.

5. Kistum öllum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim úr landi til eftirlits.

28. gr.

1. Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra, reglur um möskva-stærð lagnetja og króknetja, er nota á til veiði vatnasilungs í ám, er lax eða göngusilungur fer ekki um.

3. Aldrei má lagnet, króknet eða leiðari frá slíku neti ná lengra út í á en svo, að $\frac{2}{3}$ hlutar af breidd árinna séu utan þeirra, og aldrei svo, að aðalstraumlina ár sé girt með þeim.

4. Eigi má nota tvöföld net. Þó má í ám, sem mikið bera af slýi eða slafaki, hafa net til varnar fyrir reki þessu. Varnarnet þessi mega þó hvergi vera nær neti eða netgarði en 3 metra, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjast í þeim eða króast. Ráðherra getur sett reglur um gerð varnarnetja þessara.

5. Þann tíma viku, er á er friðuð samkv. 17. gr., skulu öll lagnet upp tekin eða svo um þau húið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu.

29. gr.

1. Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

2. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en $\frac{2}{3}$ hluta af breidd ár í

senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd árinna.

3. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt í ám. Eigi mega ádráttarnet vera tvöföld.

4. Eigi má hafa ádrátt í á nær fastri veiðivél en 200 metra.

5. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um lengd ádráttarnetja þeirra, er nota má í tiltekinni á eða í tilteknum dráttum í henni.

30. gr.

1. Girðingar í veiðivötnum, er lax eða göngusilungur fer um, skulu þannig gerðar, að við inngang í veiðikrær sé hlið á girðingu, eigi minna en 5 metrar á breidd. Ráðherra getur auk þess, eftir tillögum veiðimálastjóra, mælt fyrir um, að hlið skuli sett á girðingar þar, sem þær liggja yfir ála, sem ætla má að mikil fiskför sé í. Hlið þessi öll skulu standa opin þann tíma viku, er á er friðuð samkvæmt 17. gr., en krærnar sjálfar þá vera lokaðar.

2. Girðingar mega aldrei ná yfir meira en $\frac{1}{3}$ hluta af breidd árinna og aldrei má girða yfir aðalstraumlinu ár. Aldrei má girðing ná yfir meira en $\frac{1}{4}$ hluta af breidd óss eða leiru.

3. Í girðingum og veiðikróm mega net eigi vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot.

4. Inngangur í veiðikrær skal jafnan vita undan straumi og má leiðari frá girðingu aldrei liggja upp á móti straumi, né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, er leitar út úr á eða árósi.

31. gr.

1. Lengd fastrar veiðivélar frá bakka og út í á skal miðuð við það, að meðalrennsli sé í ánni.

2. Milli fastra veiðivéla, hvort heldur eru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

32. gr.

1. Í þann hluta ár, sem fiskur á að eiga frjálsa för um framhjá fastri veiðivél, samkvæmt því, sem að framan er sagt, má ekki láta grjót eða aðra hluti, er tálma myndu för fisksins framhjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg ár niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að dýpri verði en sá hluti árinna, sem fiskur á för um framhjá veiðivélinni.

2. Nú hefir veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. málsg. og skal honum þá skylt, er þess er krafizt, að nema farartálmann í burtu eða fylla farveg svo, að í samt lag komist og áður. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin og má eigi setja hana niður í á fyrr en áin er komin í samt lag og áður.

3. Bannað er að stýggja eða teygja fisk í fastar veiðivélar eða ádráttarnet, svo sem með hávaða, grjótkasti, ljósum eða þesskonar.

33. gr.

Nú rennur á í kvislum, og skal þá svo haga veiði í kvisl hverri, sem væri hún sjálfstæð á.

34. gr.

1. Í stöðuvötnum má nota þau veiðitæki ein til fiskveiða, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að upp séu tekin önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 2. málsg. 25. gr.

2. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, sett reglur um möskvastærð netja þeirra, er notuð eru í vötnum þeim, er ræðir um í 1. málsg., um lengd lagnetja og millibil milli þeirra, um gerð ádráttarnetja og notkun og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

3. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkv. reglum þeim, er ræðir um í 2. málsg., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI.

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

35. gr.

1. Ráðherra getur leyft að gera fiskveg í vatni eða meðfram vatni. Leyfi þetta skal því aðeins veitt, að veiðimálastjóri mæli með því og hafi samþykkt gerð fiskvegarins og tilhögun, enda sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með þarf til þess að fiskvegur sé gerður, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi, eða ef vatnsmagn í honum er aukið eða minnkað, fer eftir því, sem segir í 1. og 2. málsg.

36. gr.

1. Eigi má veiða eða stýggja fisk í fiskvegum né nær neðra mynni þeirra en 50 metra og nær efra mynni þeirra en 30 metra. Ákvæði þetta gildir þó eigi um veiði til klaks eftir veiðitíma, né um veiði til vísindalegra rannsókna, enda hafi þeir, er veiða, fengið veiðiskirteini samkvæmt 20. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

37. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem eigi eru lögleg veiðitæki, er tálma fiskför í vatninu, og skal þá þeim manni, er gera lætur það mannvirki, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður, og að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegarins og tilhögun liggur undir samþykki veiðimálastjóra, og sé verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. málsg. gilda ekki:

- a. Ef vatnið eigi er fiskgengt af öðrum ástæðum.
- b. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegarins og viðhald hafa meiri kostnað í för með sér en hagnaður er af veiðinni, enda séu þá veiðispyll þau, er af mannvirkinu leiða, goldin fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám samkv. 2. málsg. 35. gr. til fiskvega, sem gerðir eru samkv. þessari grein.

38. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarar áþekkrar notkunar, eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurðum, vatnsveituskurðum eða þess háttar skurðum eða leiðslum, og getur þá veiðimálastjóri krafist þess, að búið sé svo um skurðina eða leiðslurnar, að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í þá. Kostnaðinn af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitunnar.

VIII. KAFLI.

Um fiskræktarfélag.

39. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera félagsskap með sér um fiskrækt, með þeim hætti, er hér segir á eftir.

40. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í; og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir verið stunduð í því fiskihverfi. Ef félag á land, skal boða formann félagsstjórnar. Hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins í stað landeiganda. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarveru, skal boða leiguliða á fundinn. Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatna, samkv. 2. málsg. 8. gr., er eigi skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefir verið stofnað.

2. Þegar stofna á fiskræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða á fund alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

3 Fundi skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

41. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefir verið samkv. 40. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, er boða skal til fundar samkv. 40. gr. Fela mega þeir öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefir eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefir verið úrskurðaður félagi í stað landeiganda, samkv. 44. gr.

3. Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkv. 40. gr. og atkvæðisbærir eru, samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar á fundinum.

4. Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er þúi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykktar fyrir félagið samkvæmt 46. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eða nauðsynleg þykja.

42. gr.

1. Þegar nefndin hefir lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný, samkv. 40. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana. Ef $\frac{2}{3}$ þeirra manna, er boða skal á fund samkvæmt 40. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 41. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

43. gr.

Nú mæta eigi á fundi $\frac{2}{3}$ þeirra manna, er boða skal á fund, eða umboðsmenn þeirra, og skal þá nefndin enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef samþykkt er á þeim fundi með $\frac{2}{3}$ atkvæða að stofna félagið, skal öllum hinum, sem boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast félagar.

44. gr.

1. Stofnfundur, eða annar lögmætur félagsfundur, getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, eða ef fyrirsjáanlegt er, að landeigandi geti ekki tekið þátt í félagsskapnum. Jafnan skal boða leiguliða sjálfan á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefir á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 48. gr., enda megi þakka veiðiaukninguna starfsemi félagsins.

45. gr.

Taka má í félagið aðra menn en þá, sem taldir eru í 40. og 44. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin íðgjöld í gjaldskrá félagsins.

46. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi, eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða, svo og um önnur félagsmálefni, hafi eigi verið öðruvísi um mælt í samþykkt. Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði í félagsmálum, sbr. þó 45. gr.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Verkefni félags og félagssvæði.
- c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- d. Fundahöld.
- e. Reikninga félags og endurskoðun.
- f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, er leiðir af starfsemi félagsins.
- g. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
- h. Hvernig samþykkt félags verði breytt.
- i. Hvernig fara skuli um félagsslit.

47. gr.

Samþykkt skal félagsstjórn senda ráðherra til staðfestingar og láta fylgja henni kostnaðaráætlun. Ef samþykkt þykir ekki svo úr garði gerð, að staðfesta megji hana, sendir ráðherra hana aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

48. gr.

1. Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefir í för með sér, skal jafna niður eftir áætlun veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Þó má, ef samþykkt mælir svo fyrir, jafna allt af $\frac{1}{4}$ kostnaðarins niður eftir landverði þeirra jarða, samkvæmt fasteignamati, er þátt taka í félagsskapnum. Samkvæmt þessum reglum skal semja skrá, er sýnir hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja, og gildir hún um 5 ár, nema $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 47. gr.

49. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð, sem er á félagssvæðinu, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar eða jarða, er liggja að fiskihverfj, er fiskræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og má þá leggja þær jarðir við félagssvæðið og skylda eigendur þeirra til að gerast félagsmenn, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda hafi eigendum jarða þessara verið boðað á fundinn og þeir átt þar atkvæðisrétt um samþykkt þessa.

50. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningunni. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

51. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki og fylgir þeim, í 2 ár frá eindaga, lögveð í jörð eða veiðiréttindum, er stendur framur öllu samningsbundnu veði.

52. gr.

Stjórn fiskræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins. Þær upplýsingar, er veiðimálastjóri kann að óska eftir, er stjórninni og skylt að gefa honum.

53. gr.

Fiskræktarfélagi skal heimilt á lögmætum félagsfundi að gera samþykkt um möskvastærð netja, er nota megir á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða í veiðivötnum innan fiskihverfisins um tiltekið tímabil fyrir allri veiði. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykktum þessum samkvæmt 47. gr., og má ekki staðfesta þær, nema veiðimálastjóri mæli með því og veiðimálanefnd veiti samþykki sitt til þess.

54. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, svo og vatn eða afnot vatns, er með kann að þurfa vegna byggingar eða starfrækslu klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvarinnar eða starfræksla kann að

hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir máti, nema samkomulag verði.

2. Nú eru skilyrði til friðunar samkvæmt 18. gr eða 1. málsg. 23. gr. eigi fyrir hendi, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft fiskræktarfélagi að taka eignarnámi til leigu um ákveðið tímabil, og gegn fullum bótum, veiði i veiðivatni eða á tilteknu svæði i því, innan fiskihverfis þess, er félagið starfar við, þar, sem hentugt þykir, að félagið afli sér **klakfiska.**

IX. KAFLI.

Um ófriðun sels.

55. gr.

1. Hverjum manni er heimilt að skjóta eða stygga sel í veiðivötnum, svo og i ósum þeirra, ef eigi er öðruvisi mælt fyrir í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppdrápi.

56. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær árósi, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km., og skulu þau þá ófriðuð, enda verið talið við matsgerð, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiðinni.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir i veiðivatni eða svo nærri ósum ár, sem segir í 1. málsgrein, en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og getur þá ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft að þau séu ófriðuð, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að matsgerð telji þess fulla von, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

57. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er ræðir um i 56. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur þessar greiði eigendur laxveiði eða göngusilungs í fiskihverfinu. Skulu bæturnar vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 4. málsg. Bæturnar greiði veiðieigendur að tiltölu við veiðimagn hvers um sig á síðasta ári á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkv. 2. eða 54. gr., og greiðir þá leigutaki bæturnar í stað leigusala.

3. Bætur samkv. 2. málsg. fyrir missi selveiðanytja á jörðum, sem eru eign ríkis, kirkju eða sveitarfélaga, greiðast úr ríkissjóði, og falla bætur til ábúenda þeirra jarða niður, er næst verða ábúendaskipti á þeim.

4. Ef lax- eða göngusilungsveiði þeirra jarða, er bætur hljóta samkv. 2. og 3. málsgr., eykst eftir að byrjað er á ófriðun sels, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir til frádráttar bótunum, enda geri einhver þeirra, er bætur eiga að greiða, kröfu um mat veiðiaukans. Nú er talið í matsgerð, að lax- eða silungsveiði einhverrar jarðar hafi aukizt svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn falla niður.

X. KAFLI.

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

58. gr.

1. Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

59. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um veiðimál og vatnalíffræði. Skal hann skipaður af atvinnumálaráðherra til 5 ára í senn og launaður af ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri skal hafa þessi störf með höndum:

- a. að annast nauðsynlegar rannsóknir vatna og fiska og skrásetningu veiðivatna,
- b. að sjá um söfnun á skýrslum um veiði og fiskrækt.
- c. að gera eða láta gera uppdrætti að klakstöðvum og fiskvegum og hafa umsjón með gerð þeirra mannvirkja,
- d. að gera tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði um friðun eða veiðiskap, sem sett eru samkv. lögum þessum,
- e. að veita mönnum leiðbeiningar um veiðimál og vera ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

60. gr.

1. Veiðimálanefnd skal skipuð 3 mönnum. Atvinnumálaráðherra skipar nefndina, og skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annar eftir tillögum Fiskifélags Íslands, þangað til samband islenskra fiskræktarféлага kynni að verða stofnað. Skal þá samband þetta, i stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins, gera tillögur um skipun tveggja manna i nefndina.

2. Veiðimálanefnd tekur ekki kaup fyrir starfa sinn, en kostnaður við starf hennar greiðist úr ríkissjóði.

3. Veiðimálanefnd skal vera ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að veiðimálum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leitað til setningar reglugerða og annara ákvæða um friðun eða veiðiskap, þar sem svo er fyrir mælt i lögum þessum.

61. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn við veiðivötn, svo marga og við þau vötn, er nauðsynlegt þykir. Um tölu þeirra og skipun skal farið eftir tillögum veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir skulu safna veiðiskýrslum, hver í sinu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær upplýsingar um veiði og veiðivötn, er hann kann að óska. Þeir skulu gera skrár yfir fastar veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmi sínu og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari ákvæði um starfsemi þeirra skulu sett í erindisbréfi, er ráðherra gefur þeim.

3 Ráðherra gefur út skirteini handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki, eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða á þeim stöðum, þar sem eigi má nota þau.

62. gr.

Ráðherra semur við eftirlitsmenn um kaup þeirra. Kaupið greiðist úr sýslusjóði og endurgreiðist sýslusjóði af veiðieigendum að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Sýslunefnd jafnar gjaldinu niður, og má taka það lögtaki.

XI. KAFLI.

Um styrkveitingar til fiskræktar.

63. gr.

1. Nú byggir fiskræktarfélag klakstöð, og skal þá veita því styrk úr rikissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk við byggingu stöðvarinnar.

2. Nú gerir fiskræktarfélag fiskveg eða aðrar framkvæmdir til að greiða fyrir fiskför um vatn, og skal þá veita félaginu styrk úr rikissjóði, er nemi $\frac{1}{3}$ kostnaðar við verkið.

3. Nú þykir eigi ráðlegt að stofna fiskræktarfélag í fiskihverfi, vegna þess hve lítið fiskihverfið er eða af öðrum ástæðum, en veiðieigendur í hverfinu, einn eða fleiri, gera mannvirki slík sem ræðir um í 1. og 2. málsgrein, og má þá veita þeim styrk til þess úr rikissjóði, jafnháan og ákveðið er í 1. og 2. málsgrein.

64. gr.

Nú er fiskrækt hafin í fiskihverfi, er áður var veiðilaust, og skal þá veita styrk úr rikissjóði, er nemi allt að kr. 3,00 á hvert þúsund seiða, sem flutt eru í vatnið.

65. gr.

1. Styrkur sá, er ræðir um í 63. og 64. gr., skal því aðeins veittur, að veiðimálastjóri mæli með styrkbeiðni, enda hafi hann samþykkt tilhögun mannvirkja þeirra, er styrkur er veittur til, og þau gerð undir eftirliti hans.

2. Nú er styrkur veittur úr rikissjóði til að gera klakstöð, og skal ráðherra þá heimilt að ákveða hámarksverð á seiðum, sem seld eru frá klakstöðinni.

66. gr.

Veita má lán úr ræktunarsjóði til framkvæmda þeirra, sem getið er í 63. og 64. gr. Lánstiminn má vera allt að 10 ár, og mega lánin vera afborgunarlaus fyrstu 5 árin. Lánsupphæðin má vera allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar við framkvæmd verksins. Nú er fiskræktarfélag lántakandi, og má þá veita lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna.

XII. KAFLI.

Um matsgerðir og skaðabætur.

67. gr.

1. Nú greinir menn á um takmörk óss eða leiru, um það hvar aðalstraumlína ár sé eða hvað teljast skuli kvísl, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

2. Matsgerðir samkv. 1. málsg. og aðrar matsgerðir, sem rætt er um í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn, sem dómkvaddir eru af héraðsdómara í því umdæmi, er vatn það, er ágreiningurinn ris af, er í. Nú er um merkivatn milli lögsagnarumdæma að ræða, og ákveður þá ráðherra, í hverju lögsagnarumdæmanna matsmenn skuli dómkvaddir.

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar. Yfirmat framkvæma 3 menn, dómkvaddir með þeim hætti, sem segir í 2. málsg.

4. Matsmenn ákveða kostnað við mat og skiptingu hans á aðila.

5. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

68. gr.

Um ákvörðun upphæðar bóta eða endurgjalds, er greiða skal samkv. lögum þessum, skal matsnefnd fara eftir því, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Um greiðslu bóta eða endurgjalds fari einnig eftir þeim lögum.

XIII. KAFLI.

Refsiákvæði og réttarfars.

69. gr.

1. Ef maður veiðir ólofað i veiðivatni annars manns, varðar það sektum, allt að 1000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

70. gr.

Sektum frá 100 kr. og allt að 1000 kr. varðar, ef maður gerist brotlegur gegn lögum þessum eða reglum, sem samkvæmt þeim eru settar, þannig,

- a. að hann veiði á þeim tíma eða þeim stöðum, er veiði er bönnuð,
- b. að hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sam-
anb. þó 71. gr., eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um aðferð við veiði.
- c. að hann veiðir fisk, sem minni er en svo, að leyfð sé veiði hans, eða sleppir eigi i vatn veiddum fiski, er skylt er að sleppa.
- d. að hann brýtur ákvæði 21. gr. eða 32. gr. eða
- e. að hann spillir fiskvegi eða tálmar ólöglega fiskför um vatn.

71. gr.

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi við veiði, og varðar það fangelsi eða sektum, ekki lægri en 500 kr.

72. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 kr.

73. gr.

Brot þau, er ræðir um i 69. gr., a—b-liðum 70. gr. og 71. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin i vatn.

74. gr.

Ólögleg veiðitæki, svo og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk gerð.

75. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptækra veiðitækja, renna i sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið i fleiri sýslum

en einni, og skiptist þá sekt og andvirði upptækra veiðitækja að jöfnu milli sýslusjóðanna.

76. gr.

1. Mál út af brotum samkv. 69. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál, og á sá sókn sakar, sem misgerð er við.

2. Önnur mál til refsingar fyrir brot á lögum þessum eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

77. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silunga og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.

2. málsg. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppdráp.

Lög nr. 6 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag.

Greinargerð.

I. Ástæður og tildrög.

Í öndverðum nóvembermánuði síðastl. skipaði atvinnumálaráðherra 3 manna nefnd, til þess „að endurskoða öll lagafyrirmæli um veiði í vötnum og ám og að semja frumvarp til nýrra laga um allt það, sem að veiði í vötnum og ám og fiskirækt lýtur“. Í nefnd þessa voru skipaðir: Jörundur Brynjólfsson, Ólafur Lárusson og Pálmi Hannesson.

Forsaga málsins er í stuttum dráttum sú, er nú skal greina:

Á síðari árum hefir farið vaxandi áhugi manna á því, að auka veiðiafnot vatna og hverfa að nokkru frá rányrkju þeirri, er löngum hefir ríkjandi verið hér á landi um allan veiðiskap, en taka upp í hennar stað ræktun og skipulagsbundna veiði. Fiskifélag Íslands veitti máli þessu forgöngu og atbeina í fyrstu, en síðar kom þar, að Búnaðarfélag Íslands léti einnig málið til sín taka, og árið 1925 réð það útlendan vatnalíffræðing,

Dr. F. Reinsch, til þess að rannsaka veiðivötn hér á landi. Tveim árum síðar, sumarið 1927, tóku félögin bæði, Búnaðarfélag og Fiskifélagið, upp samvinnu um þetta mál og skipuðu 3 manna nefnd til þess að veita því forgöngu. Í þá nefnd voru skipaðir: Bjarni Sæmundsson, Metúsalem Stefánsson og Kristján Bergsson, og hefir nefnd þessi starfað síðan óbreytt. Jafnframt þessu var Pálmi Hannesson ráðinn til þess að hafa á hendi rannsókn vatna og leiðbeiningar um fiskrækt. Forgöngumönnum þessa máls varð það brátt ljóst, að nauðsynlegt væri að hrinda fram allmiklum breytingum á veiðilöggjöfinni, ef koma ætti málinu í sæmilegt horf, því að laga-fyrirmæli þau, er að því lúta, væru bæði úrelt og ófullkomin á marga lund. Árið 1928 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um fiskiræktarfélag, og náði það samþykki og staðfestingu ári síðar. Talið var, að með þeim væri fengin lagaleg undirstaða undir félagslegar aðgerðir um fiskrækt, en hitt var vitanlegt öllum þeim, er áhuga höfðu á máli þessu, að eigi mætti láta þar staðar numið, og hvergi fyrr en fullkomin skipun væri komin á veiðilöggjöf landsins, lík því, sem er meðal nágrannahjóða vorra. Eftir tillögum Pálma Hannessonar var því mælt til þess við atvinnumálaráðherra á síðastliðnu ári, að hann skipaði 3 manna nefnd til þess að semja frumvarp til nýrrar veiðilöggjafar, og var jafnframt lagt til, að í nefndinni væri alþingismaður, lögfræðingur og vatnalíffræðingur. Atvinnumálaráðherra varð vel við málaleitun þessari og skipaði nefndina, svo sem að ofan getur.

Árangurinn af starfi nefndarinnar er frumvarp það, er hér birtist. Hefir hún unnið að því síðan í nóvembermánuði og átt ærið starf. Vinnubrögðum var svo skipað, að þá er málið hafði verið rætt almennt um nokkra hríð, var tekið að rannsaka fyrirmæli gildandi laga um veiði í vötnum og ám hér á landi og rekstur þeirra mála á Alþingi. Þá var og athuguð rækilega veiðilöggjöf Norðmanna, Svía, Dana, Rússa og Englendinga. Var þá jafnframt um það rætt, hvað nota mætti af lögum þessum sem fyrirmynd fyrir íslenska veiðilöggjöf, samkvæmt þekkingu þeirri á vötnum og veiði, er fengizt hefir með rannsóknum undanfarandi ára. Að þessu búnu var tekið að skipa efninu í flokka og orða einstakar greinar. Var það að vonum mesta verkið og tímafrekasta.

Rétt er þess að geta, að nefndin hefir verið samhuga um allt frumvarpið, jafnt einstök atriði og höfuðstefnu.

II. Frá nefndinni.

Nefndinni varð það þegar ljóst, að veiði í vötnum og ám er til miklu meiri hlunninda en ýmsum mönnum er títt að trúa. Hitt varð og ekki síður ljóst, að í gildandi lögum er litil trygging fyrir því, að hlunnindi þessi haldist. Og vist er það, að þau eru víða horfin, þar sem þau áður voru, en annarstaðar miklu minni en verið hefir eða verið gæti.

Svo sem nú er högum háttað, er þess engin von, að fiskrækt geti orðið að fullum notum, vegna þess, að víðast er ekki unnt að fá nægan stofn-

fisk, nema með ótrúlegum erfiðleikum. Þetta hafa tilraunir síðustu ára sýnt skýrt. Ástæða þessa er sú, að fátt eitt af fiski sleppur hjá veiði og getur hrygnt.

Samkvæmt gildandi lögum er veiði í ám þannig háttað, að mestur hluti aflans er tekinn neðan til í ánum. Af þessu leiðir það tvennt: að fátt fiska kemst upp á hrygningarsvæðin og að aflinn skiptist ekki réttlátlega milli veiðieigenda. Nefndin varð þegar einhuga um það, að reyna að bæta úr ágöllum þeim, er nú hafa verið taldir. Er frumvarp þetta samið með það fyrir augum 1) að bæta kost þeirra, sem sinn hlut hafa borið skarðan frá borði um skiptingu veiðinnar, og 2) að skapa tryggingu fyrir veiðinni, þannig að náttúruauður sá, er fólgin er í veiðivötnum landsins, verði ekki eyddur með offorsi og rányrkju, heldur geti hann haldizt og aukizt til hugsmuna þjóðinni.

III. Aflinn.

Á tímabilinu frá 1918 til 1927 hefir, samkvæmt Hagskýrslum Íslands, lax- og silungsveiði verið þessi:

Ár	Tala laxa	Tala silunga
1918	14,485	456,403
1919	11,207	473,411
1920	16,695	355,363
1921	21,024	433,857
1922	19,123	509,685
1923	17,850	557,789
1924	17,288	617,956
1925	17,479	501,646
1926	15,777	358,079
1927	18,930	331,590

Samtals 169,858 4595,779

Samkvæmt veiðiskýrslum hafa þannig veiðzt að meðaltali 16,986 laxar og 459,578 silungar á ári hverju um þetta tímabil.

Nú er það öllum vitanlegt, þeim, er til þekkja, að veiðiskýrslur eru hvergi nærri nákvæmar, og ætla ýmsir menn, að aflinn muni þriðjungi til helmingi meiri en þær sýna. Óhætt mun að telja hann fjórðungi meiri, og er þá meðalveiði á árabili því, er áður getur, 21,277 laxar og 564,473 silungar á öllu landinu.

Í veiðiskýrslum er aðeins getið veiðitölu, en veiðimagn, þ. e. sam-
anlögð þyngd aflans, er þar ekki talið. Af veiðitölunni einni er torvelt að gera sér grein fyrir verðmæti aflans. Verður því af veiðitölunni að ráða í veiðimagnið, en skylt er þess að geta, að um það mál verður að styð-
ast við áætlun eina, einkum um silung.

Nærri mun láta sanni, að meðalþungi laxa hér á landi sé $4\frac{1}{2}$ kg. Eftir því, sem áður er ritað, ætti því veiðimagn laxveiðinnar að vera *95,746 kg.* á árabílinu 1918—1927. Miklu er torveldara að ætlast á um meðalþunga silunga þeirra, er hér veiðast. Veldur því einkum murtuveiðin, en hún er ekki talin sérstaklega, nema á sumum árum. Ef meðalþungi silunga er talinn $\frac{1}{2}$ kg., er meðalmagn silungsveiðanna á landinu *282,237 kg.* á ári um árabíl það, sem áður getur.

Engar skýrslur eru til, er sýni söluverð á laxi eða silungi, hvorki í landinu sjálfu né út úr því. Um verðmæti aflans verður því að fara eftir áætluðum tölum. Ef gert er ráð fyrir því, að meðalverð á laxi sé 1,00 kr. fyrir hvert kg., er verðmæti aflans í krónum jafnt veiðimagninu, eða *95,746 kr.* að meðaltali á ári á tímabilinu 1918—1927. Eigi mun fjarri sanni að telja silung helmingi verðminni en lax. Verður þá meðalverð á honum 0,50 kr. fyrir hvert kg. eða helmingi minna en veiðimagnið, og verður þá verðmæti meðalafans á árunum 1918—1927 *141,118 krónur.*

Samkvæmt því, sem hér er ritað, er þá samanlagt verðmæti lax- og silungsafans að meðaltali 236,864 kr. á ári hverju um hinn síðasta áratug, er skýrslur ná yfir. Mega því allir sjá, að hér er um allmikil hlunnindi að ræða.

Áætlunartölur þær, er hér hafa verið notaðar um verðlag á laxi og silungi, eru yfirleitt mjög lágar og fremur miðaðar við það, sem verið hefir, en hitt, sem er eða líklegt er að orðið gæti. Í útlöndum eru fiskategundir þessar eftirsóttar mjög og seldar dýru verði. Hið lága verð, er á þeim hefir verið hér á landi, stafar af tvennu: Í fyrsta lagi er kaupgeta manna hér heldur lítil, en ódýrar fiskategundir eru oftast á boðstólum. Af þessu hvorutveggja leiðir hitt, að eftirspurn eftir hinum dýrari fiskategundum er yfirleitt lítil, einkum meðal almennings. Í öðru lagi hagar víðast svo til, þar sem lax- eða silungsveiði er stunduð, að ekki hefir verið unnt að koma aflanum óskemmdum á markað fyrir samgönguleysi. Þeir veiðieigendur, sem næstir búa kaupstöðunum, einkum Reykjavík, hafa því einir setið að innanlandsmarkaðnum. Og þó að verð á laxi og silungi sé oft allhátt hér í Reykjavík, nær það ekki til þorra veiðieigenda og er yfirleitt talsvert lægra en í útlendum borgum, þar sem efnuðu stéttirnar eru bæði fjölmennari og fjársterkari en hér er. Aftur hafa menn ekki haft tækni (teknik) né samgöngur til þess að koma aflanum á útlendan markað sem sæmilegri vöru. Til þessa hefir því orðið að miða verðlag aflans að miklu leyti við neyzlu í sveitunum, þar sem hann er fenginn.

Nú horfir allt til breytinga í þessum eignum. Á síðustu árum hafa samgöngur innanlands batnað ótrúlega mikið, og allt virðist benda á, að þær muni stefna til batnaðar með sama skriði á komandi árum. Samgöngur við útlönd fara og batnandi ár frá ári, og fyrir þetta mál skiptir það mestu, að nú er kæliskip í förum landa á milli. Frystihús hafa reist verið víða, og enn eru fyrirætlanir um fleiri. Má svo kalla, að við flest hin stærstu fiskihverfi séu nú þegar sköpuð sæmileg skilyrði til þess að

koma aflanum á markað, innlendan eða útlendan, og virðist þó betur verða munu að fáum árum liðnum.

Um undanfarandi tvö ár hefir Samband íslenzkra samvinnufélaga selt frystan lax til Englands. Enda þótt hér sé um að ræða tilraun til þess að vinna nýjan markað, svo að ætla megi, að salan hafi orðið nokkuð misjöfn erlendis, var þó unnt að greiða meira en 2 krónur fyrir hvert kg. til seljanda fob. Hér horfir því til stórra bóta, og virðist allt benda til þess, að verðmæti laxaflans verði að minnsta kosti helmingi hærra í náinni framtíð en hér hefir verið áætlað. Ekki er það kunnugt, að reynt hafi verið að afla markaðs fyrir silung héðan af landi í útlöndum. En næsta líklegt er, að það mætti takast. Víst er það, að af batnandi samgöngum innanlands leiðir aukinn markað og hækkandi verð á silungi. Má það vist telja, að verðlag á þessum ágæta fiski muni í náinni framtíð hækka um helming að minnsta kosti, og meira, ef útlendur markaður fæst fyrir hann.

Ef gert er ráð fyrir því, að meðalársveiði haldist lík því, sem hún var á árunum 1918—1927, en verð á laxi og silungi hækki um helming, verður verðmæti aflans röskar 500,000 krónur.

IV. Trygging veiðihlunninda.

Það er vitanlegt, að svo freklega má veiði stunda, að fiskstofn vatna gangi til auðnar á fáum árum, og verður ekki um það deilt, að slíkt atferli sé landinu til hinnar mestu óþurftar. Þau vötn eru eigi allfá, sem fyrr á tímum hafa gefið af sér góða veiði, en eru nú veiðilaus að mestu eða öllu, og veldur því rányrkjan ein. Allir munu það mæla, að reisa verði rammar skorður við slíkum ránskap, og er þá næst að athuga, hversu tryggilega það sé gert með gildandi veiðilöggjöf. Íslensk veiðilöggjöf er ekki næsta margbrotin. Um friðun og veiði vatnasilungs eru engin almenn lagaákvæði til. Lög um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, nr. 55, 30. júní 1909, heimila að visu sýslunefndum „að gera samþykktir um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum“, ef meiri hluti veiðieigenda krefst þess, en ekki ná samþykktir fram að ganga, nema $\frac{3}{5}$ veiðieigenda samþykki þær. Ýmsir annmarkar aðrir eru á því, að koma á samþykktum eftir lögum þessum, og eru þau yfirleitt óþjál og umstangsmikil í framkvæmd, enda mun ekki hafa tekizt að koma á slíkri samþykkt nema við eitt vatn, þó að viðar hafi reynt verið. Silungsveiðunum hefir því verið harla lítil trygging að lögum þessum, og er ekki trúlegt, að á því verði breyting, þó að þau hefðu gildi framvegis. Má af þessu ljóst verða, að í gildandi lögum er engin ráðstöfun, sú, er að haldi megi koma, sem tryggt geti fiskstofn veiðivatna vorra fyrir hremmiklóm rányrkjunnar. Gæti þá svo farið, að hlunnindi þessi hyrfu fyrr en varir, ef ekki verður að gert.

Þá er næst að athuga, hversu laxveiðin er að lögum tryggð. Allt

fram á síðasta mannsaldur má svo heita, að engin ákvæði væru í lögum til friðunar laxinum. En með lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febrúar 1886, laxalögnum svo nefndu, er stefnt til bóta um þetta mál. Að vísu fara lög þessi miklu skemmra en flestir forgöngumenn þessara mála í þá daga vildu vera láta, svo sem síðar mun sýnt verða, en allt um það voru þau mikil framför frá því, sem áður var. Laxalögin ákveða þriggja mánaða veiðitíma fyrir lax, og ráða sýslunefndir, hvenær hann er tekinn á hverjum stað. Alstaðar er veiðitími framan af sumri, og er það til ótvíræðra hagsmuna fyrir þá, sem veiði eiga neðan til við árnar, því að þá er þar fiskför mest. Hinir, sem upp með ánum búa, hafa aftur litla veiði um veiðitímamann, og er því almennt talið, að ýmsum þeirra verði það, að stunda veiði eftir að veiðitíma er lokið. Í annan stað er svo mælt fyrir í laxalögnum, að lagnet eða fastar veiðivélar megi ekki ná lengra út en í miðja á, og megi aldrei verða skemmra milli þeirra en 60 metrar (30 faðmar). Með ákvæði þessu er að vísu fyrir því séð, að ár séu ekki þvergirtar og laxför í þeim hindruð með öllu, en það hlýtur hverjum manni að verða ljóst, þeim, er athugar þetta mál rækilega, að þess er engin von, að lax komist langt upp eftir ám, ef þar er svo veiðivélum skipað, sem lög þessi framast leyfa. Laxinn er ekki slíkum vitsmunum gæddur, að hann geti til lengdar bjargast framhjá veiðigildrum, sem liggja út í miðja á frá báðum bökkum, enda þótt 60 metra bil sé á milli þeirra. Enn er það ákvæðið í laxalögnum, að um veiðitímamann skuli laxinn vera friðaður 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardag til dagmála á mánudag. Skulu þá öll net upp tekin og allar veiðivélar opnar standa. Vikufriðun þessi mun hafa verið til þess sett, að veita þeim meiri veiði, sem upp með ánum búa, og tryggja það, að eitthvað af laxinum kæmist upp á hrygningarsvæðin. Hið síðartalda skiptir vitanlega eitt máli fyrir framtíð fiskstofnsins og viðhald veiðinnar. Nú leitar laxinn misjafnlega mikið í árnar, eftir vindstöðu og sjávarföllum. Gengur hann mest um flóð, einkum stórstraumsflóð, og miklu örar í landátt en hafátt. Gönguhraðinn um árnar er og næsta misjafn, og fer hann einkum eftir gerð ána, svo sem vatnsmagni, straumi og fyrirstöðum. En fyrirstöður eru fossar og stríðir strengir, svo og hverskonar eðlisbreytingar á vatni. Svo hagar til í flestum fiskihverfum hér á landi, að annaðhvort verður laxinn að ganga í gegnum stöðuvatn, á leið sinni til hrygningarstöðvanna, eða eftir jökulsám og úr þeim aftur upp í þverárnar, þar sem hann hrygnir. Nú eru ætíð aðrir vatnskostir í þveránum, og eru þær því til fyrirstöðu. Ýmsar þeirra eru og svo vatnslitlar, að þær eru ekki laxgengar nema í vöxtum, og þá einkum þegar líður að hausti og veðrátta gerist úrfellasöm,

Laxalögin banna veiði á smálaxi og kveða á um möskvavidd laxanetja til tryggingar því, að smálax geti smogið þau. Hefir það vafalaust verið ætlun þeirra manna, er settu ákvæði þessi í lögin, að smálaxinn væri óþroskaður lax, er síðar mundi leita í árnar fullþroskaður. Nú vita menn aftur, að smálaxinn er yfirleitt fullþroska og gengur í árnar til hrygningar, en að lokinni hrygningu gengur allur lax aftur til sjávar og ferst þar unnvörpum, svo að aðeins

örlítill hluti gengur aftur í árnar. Hitt vita menn og, að kynfesta er um stærð laxa, að smálax getur af sér smálax yfirleitt. Þetta ákvæði laganna, um friðun smálaxins, nær því engan veginn tilgangi sínum, en hefir þá hættu í för með sér, að laxstofninn smækki, eins og fara mundi um fjárstofn þess bónda, er veldi rýrasta féð til lífs og undaneldis. Þá er loks að líta á ádráttarveiðina. Laxalögin mæla svo fyrir, að ekki megi ádrátt stunda nema annaðhvert dægur. Virðist svo, sem veiði þessi hafi verið talin hættulegust allrar veiði, enda mun það ekki hafa verið að ástæðulausu. Ádráttarveiði er einkum stunduð á þeim stöðvum, sem laxinum eru hættulegastar, svo sem á hrygningarsvæðum, ármótum og öðrum þeim stöðum, þar sem laxinn er hindraður á göngu og safnast saman. Ennfremur eru ýmsar ár svo auðdregnar, að þar má ná á skömmum tíma hverri kvikri bröndu, og stoðar þá laxinn lítt, að ekki má á draga nema annaðhvert dægur.

Svo sem áður er sagt, eru allmikil líkindi til þess, að þeir, sem upp með ánum búa, gerist, sumir hverjir, nokkuð djarftækir til fengsins eftir veiðitíma, Er þessum mönnum nokkur vorkunn, því að lax gengur svo seint í sumar þverár, að ella myndu eigendur þeirra veiðilausir. Aftur er þessi veiði geysihættuleg fiskstofninum, því að ár þessar eru flestar auðdrægar og laxinn fer að leggjast í hylji, þá er líður að hausti. Kemur hér að hinum mesta ágalla á veiðilöggjöf vorri, en hann er eftirlitsleysið. Flestum mönnum er þann veg farið, að þeir eru þess ófúsir að kæra nágretta sína eða sveitunga, enda mælist slíkt jafnan illa fyrir og oftast verr en lítið lagabrot, svo sem það er talið að krækja sér í laxkind, þó að líðið sé af veiðitíma. Fer þá oftast svo, að hver hylmar yfir með öðrum, unz margir eru seldir í sömu sök, og verður þá ekki af uppljóstunum. Hinir, sem neðar búa og mesta hagsmuni hafa í veiðinni, vita lítið um það, sem fram fer upp með ánum, en ala illan grun til þeirra, er þar búa, og láta að öðru leyti hverjum degi nægja sína þjáning. Svo virðist helst, sem til þess hafi verið ætlazt, þá er laxalögin voru sett, að hver gætti annars veiði, en slíkt er með öllu ónýtt, eins og nú hefir sýnt verið. Með lögum þessum hefir aldrei verið eftirlit af hálfu hins opinbera, og það er vitanlegt öllum þeim, er til þekkja, að þau hafa þrásinnis verið brotin allt fram á þennan dag. Hafa þau því komið að miklu minna gagni en ella hefði orðið.

Í laxalögunum er hvergi bannað að veiða lax með dynamíti eða öðrum sprengiefnum. Margt fleira má finna þeim til foráttu, en hér skal staðar numið. Er það og sízt að kynja, þótt þau séu á ýmsan hátt ófullkomin og úrelt, svo gömul sem þau eru.

Gagnrýning þessi á ákvæðum laxalaganna um veiðitíma, skipun veiðivéla, vikufriðun, möskvavidd og ádráttarveiði leiðir þannig til þeirrar niðurstöðu, að lögin veiti ekki tryggingu fyrir því, að fiskstofn vatnanna rýrni ekki eða eyðist.

Þá er næst að athuga, hvern dóm reynslan leggur á laxalögin, og verður í því efni að styðjast við veiðiskýrslur. Þykir oss rétt að taka eitt fiskihverfi til athugunar um þetta mál, og virðist oss fiskihverfi Ölfusár vera bezt til þess fallið fyrir margra hluta sakir. Samkvæmt veiðiskýrslum

fyrir árin 1924—1928, sem Hagstofa Íslands hefir góðfúslega lánað nefndinni, hefir meðalársveiði í fiskihverfi Ölfusár verið 3726 laxar á árabili þessu. Eftirfarandi tafla sýnir, hversu veiði þessi skiptist milli ýmissa hluta fiskihverfisins, bæði að tölu og hundraðshluta (%). Ennfremur sýnir hún veiðinot (Effekt), er talin eru eftir því, hve margir laxar veiðast á hverjum km. á hinum ýmsu köflum fiskihverfisins.

	Tala veiddra laxa	Hundraðshluti	Laxar pr. km.
Ölfusá upp að Selfossi	2341	62,8 %	125,9
Ölfusá frá Selfossi að Sogi	234	6,3 —	36
Ölfusá öll	2575	69,1 %	102,6
Hvítá frá Sogi að Tungufljóti	752	20,2 —	14,9
Hvítá og Ölfusá	3327	89,3 %	44
Þverárnar allar	399	10,7 —	4,1
Fiskihverfið allt	3726	100 %	21,4

Tafla þessi mælir skýru máli. Hún sýnir, að í þveránum veiðast aðeins 10,7 % af allri veiði fiskihverfisins, og að veiðinotin eru þar einir 4 laxar á hverjum km. Nú er það vitað, að laxinn hrygnir ekki í jökulvatni. Verður hann því að komast í þverárnar til hrygningar. En veiðinotin sýna það skýrt, að laxgengd er þar afar lítil, einkum ofan til, því að um þverárnar er það sama að segja og um höfuðána, að veiðinotin eru mest neðan til í þeim, en verða æ því minni, sem ofar dregur. Taflan sýnir, að mjög fátt fiska kemst af til hrygningar. Hún sýnir, að fiskihverfið er þrautveitt, rányrkt. Í sumum fiskihverfum öðrum er þó afkoman enn verri en í þessu. Má þar til nefna bergvatnsárnar: Hrútafjarðará, Miðfjarðará, Viðidalsá, Laxá á Ásum og Laxá í Þingeyjarsýslu.

Taflan sýnir enn annað. Hún sýnir, hver geysimunur er á veiði þeirra jarða, sem liggja að ánum neðanverðum, og hinna, sem veiði eiga upp með höfuðá eða einkum í þveránum. Menn kunna nú að segja, að laxinn sé þá miklu betri vara, ef hann er veiddur nýrunninn, og sé því rétt, að veiðin sé mest neðan til í ánum. Þetta er að vísu satt, en á hitt er og að líta, að uppárnar má oft leigja dýru verði til stangarveiði, en þó því aðeins, að fiskur gangi í þær, en slíkt verður ekki með því lagi, sem nú er á um veiði í ánum neðanverðum. Um það mun naumast verða deilt, að þeir eigi nokkurn rétt til laxins, sem þverárnar eiga, því að á þeirra landi hefir hann klakizt og alizt upp að mestu. Höfuðáin er laxinum aðeins gönguleið milli hrygningarsvæðanna og sjávar.

Á síðasta áratug hefir allviða um land verið reynt að klekja laxi, en viðleitni þessi hefir á flestum stöðum strandað á því, að þá er taka átti til stofnfisksins, var hann víða enginn og hvergi nógur, nema í þeim ám, sem íriðaðar eru að mestu eða öllu fyrir annari veiði en stangarveiði. Þetta

sýnir betur en flest annað, hversu fátt er um lax í ánum að loknum veiðitíma. Og það sýnir einnig, að svo búið má ekki standa, því að fiskrækt getur aldrei þrífist, nema stofnfiskur fái. En hvert skyldi stefna, ef ekki til aukinnar ræktunar?

Nú kunna menn að spyrja, hvort laxastofn ána muni þá hafa minnkað síðan 1886, að laxalögin gengu í gildi. Þessu er torsvarað, því að veiðiskýrslur eru að engu gagni fyrr en 1912. En frá þeim tíma virðist veiðin hafa farið hækkandi til 1920. Síðan stóð hún í stað til 1927, en á síðustu þremur sumrum hefir hún aftur minnkað til muna. Af þessu verður ekkert ráðið með vissu um afkomu fiskstofnsins, því að á þessu tímabili eru áráskipti að því, hve fast veiðin hefir verið sótt. Umsögn fróðra manna og kunnugra bendir til þess, að í allmörgum ám, einkum hinum minni, hafi laxveiði rýrnað síðan 1886, og vist má það telja, að hvergi hafi hún aukizt nema þar, sem ár hafa verið teknar til stangarveiði og friðaðar fyrir ádrætti og föstum veiðivélum.

Enn má um það spyrja, hvað verndað hafi fiskstofninn frá gereyðingu, fyrst laxalögin séu svo fánýt, sem hér hefir verið sýnt. Því er aftur auðsvarað. Það, sem hefir verndað laxastofninn síðan 1886, er hið sama, sem varðveitt hefir hann frá því, er land byggðist, en það eru á aðra hönd slíkir vatnavextir á veiðitíma, að veiðitækjum verði ekki við komið, en á hinn bóginn einhver undanfæri, svo sem gljúfur eða óbyggðir, þar sem ránshönd mannsins fær eigi eftir honum sótt. Þegar þetta tvennt fer saman, kemst eitthvað af laxi undan. Og þetta tvennt fer saman í öllum þeim ám landsins, sem haldið hafa nokkurri veiði fram á þennan dag. Þessu til frekari sönnunar skal á það bent, hve mikil áráskipti eru að laxveiði á landi hér. Árið 1919 veiðast á öllu landinu 11,207 laxar, eða 66% af meðalveiði, en tveim árum síðar, 1921, veiðast 21,024 laxar, eða 123,5% á við meðalveiði. Þetta sýnir glögg, að árgangarnir eru næsta misjafnir að stærð. En misjöfn hrygning og afkoma yfirleitt veldur því, að árgangarnir verða misstórir. Annað, sem sýnir þetta enn þá betur, er það, hve þverárveiðin er misjöfn frá ári til árs. Í sumum árum er hún engin, en sámileg í öðrum. Þá er flóð koma á veiðitíma, svo að lítið verði af veiði í höfuðám, bregzt það ekki, að þverárveiðin sé sámileg. Það eru því verklegir (tekniskir) örðugleikar á veiðinni, sem einkum hafa verndað fiskstofn ána til þessa.

Svo sem áður getur, hafa menn til þessa átt erfitt með að koma aflanum í sámilegt verð. Af því hefir hitt leitt, að menn hafa ekki sótt veiðina jafnfast og ella hefði orðið. Nú fer markaðurinn batnandi, og horfir vænlega um hann framvegis, eins og áður er sýnt, vegna vaxandi samgangna og bættrar aðstöðu um sölu til útlanda. Má þá nærri geta, að lengra verði seilt til laxins og veiði yfirleitt fastar sótt en áður hefir verið. Til þessa hefir sú venja uppi haldizt, að hver búandi hafi veitt fyrir sinu landi eða menn hafa bundizt samtökum um það, að leigja ár til stangaveiði. Á síðustu árum hefir nokkur breyting orðið á þessu. Fyrirtæki hafa stofnuð verið í þeim tilgangi að veiða lax til hagn-

aðar, og hafa þau tekið veiðirétt á leigu. Fyrirtæki þessi hafa verið þess umkomin að leggja meira fé í veiðina en áður hefir tíðkæzt. Hafa þau reist veiðigirðingar svo rammar, að þær standa af sér alla venjulega vatnavexti. Girðingar þessar eru á ýmsa lund góð veiðarfæri, og er líklegt, að ýmsir muni taka þær upp, en þá er fallin sú vörnin, sem fiskstofninum var í vatnavöxtum á veiðitíma. Í annan stað verður girðingum víða við komið, þar sem aðrar veiðivélar eru að engum notum. Mun því veiðitækjum fjölga í ánum, þegar þær verða upp teknar. Í þriðja lagi er á það að líta, ef fjársterk fyrirtæki taka að stunda veiði að miklum mun. Er þá hætt við því, að veiðin verði fastar sótt en verið hefir hingað til. Loks er laxveiði í sjó. Til þessa hefir lítið kveðið að henni, en nú virðist mega ráða það af ýmsu, að hún muni verða tekin upp, ef ekki verður við gert. Sjávarveiði er hættulegust allrar veiði, því að að henni stendur jafnaðarlega mikill fjárfkostur og fullkomin tækni (teknik). Hún er og áttahagalaus, en lætur greipar sópa um fenginn, hvar sem hann sæst, án þess að skeyta hið minnsta um afkomu fiskstofnsins. Hvarvetna erlendis þykir hún gefast hið versta.

Hér hefir nú verið sýnt fram á það með gildum rökum, fræðilegum og verklegum, að íslensk veiðilöggjöf veiti enga tryggingu fyrir því, að fiskstofn viðhaldist í veiðivötnum landsins, og auk þess sé hún óréttlát. Hin helzta vernd fiskstofnsins hefir verið sú, að veiðin hefir aldrei verið stunduð svo freklega, sem lögin leyfa, vegna ófullkominna tækja og litils markaðs. En nú virðist sú vernd óðum þverrandi.

V. Aukning fiskstofns.

Þess er getið í fornum ritum, að þá er forfeður vorir komu fyrst til landsins, hafi ár allar og vötn verið full fiska. Líklegt er, að sögumenn geti þessa af því, að á þeirra dögum hafi veiðisæld vatnanna verið tekin að þverra.

Viðsvegar um landið eru ár þær, er Laxár nefnast, enda þótt þar hafi ekki orðið laxkindar vart í þeirra manna minnum, er nú lifa. Vafalaust hafa ár þessar hlotið nöfn sín af því, að í þær hefir verið laxgengd, þá er þeim voru nöfnin gefin. Kunnugt er það um ýmsar ár aðrar, að þar hafi verið veiðisæld nokkur, þó að nú séu þær laxlausar. Má þar til nefna Blöndu, sem Eggert Ólafsson telur eina af helztu laxám í Húnaþingi. Hvað mun valda veiðisþjöllum þessum?

Fornmenn voru aðdráttarsamir og fengsælir, og má líklegt telja, að þeir hafi orðið heldur harðbýlir við fiskstofn vatnanna, og þarf eigi getur að því að leiða, að því muni ránsveiði valda, að veiði er nú horfin í ýmsum vötnum. Hitt má af líkum ráða, að ránskapur sá, er lagði sum vötn í auðn, muni nokkuð hafa fækkað fiskstofni annara.

Áður en landið byggðist, naut náttúra þess fullkomins friðar.

Vatnafiski hefir þá fjölgað svo, sem náttúrukostir framast leyfðu. Hverjir eru þessir náttúrukostir, og hve mikinn fiskstofn leyfa þeir?

Jörð og vötn og sær hafa í sér fölgna getu til þess að framfleyta lifandi verum. Geta þessi hefir verið nefnd lífsorka (oecologiskur valens), og er hún næsta misjöfn, svo sem lífsverurnar sýna.

Lífsorka vatna fer eftir þrennu: efnum, hita og gerð. Efni þau, sem uppleyst eru í vötnum, eru harla misjöfn að kostum. Sum eru gagnleg, önnur skaðleg. Gagnleg eru áburðarefni og súrefni, en skaðleg eru ýms járn sambönd, brennisteinn, jarðsýrur o. fl. Frjósemi vatnanna fer eftir efnum þessum og er því meiri sem meira er um áburðarefnin. Áburðarefnin og skaðæfnin berast í vötnin úr jarðveginum, en súrefnið fá þau úr loftinu í ölduróti og straumum. Hiti vatnanna er sú orkulind, sem lífsverur þeirra teiga þrótt sinn af. Vex því lífsorkan með hitanum, unz hann gerist svo hár, að hann verði til skaða, svo sem við er í laugum. Gerð vatnanna, lögum, dýpi, botn og straumur, hefir mikil áhrif á verur vatnanna, en ófært er að rekja þau hér.

Í vötnum hér á landi er ærið súrefni, því að ekki skortir öldurót né strauma, en hiti þeirra er aftur misjafn, og er hiti stöðuvatna mjög binn sami og meðalhiti loftins um þann tíma, sem þau eru auð. Hiti straumvatna er misjafnari. Jökulvötn og fjallavötn eru köld, en heitari eru ár þær, er spretta upp í vötnum eða flólendi. Áburðarmagn vatna er næsta misjafnt eftir legu þeirra. Áburðarrik eru þau vötn, sem graslendi liggur að, en hin áburðarsnauð, sem liggja í mól eða grjóti.

Á vorin, þegar vötnin taka að hitna, sprettur upp í þeim aragrúi af örsmáum plöntum, sem svífa um í yfirborði. Gróður vatnanna yfirleitt, en einkum smáplöntur þessar, eru undirstaða alls annars lífs, sem þróast í vötnunum, því að plönturnar einar eru þess megnugar að vinna næringarefni úr loftinu fyrir orku sólargeislanna. Hvert vatn er veröld fyrir sig með sérstök lífsskilyrði, lífsverur og efnisrás: frá dauðu, ólífrænu efni í lifandi og frá lifandi í dautt. Svifgróðurinn nærast á áburði vatnanna og þiggur orku frá hita þeirra. Hann er frumáta þeirra, því að á honum lifa svifdýrin, en á þeim aftur hin stærri dýr, koll af kolli. Þannig skapast löng festi lífsmynda frá ósýnilegum einsellungum til stærstu fiska. Hver tegund á sína bráð og sína fjendur.

Þar sem náttúran er ein í leik, heldur þannig hver tegundin annari í skefjum, svo að jafnmikið fæðist og deyr. Þetta er hið mikla jafnvægi náttúrunnar. Ef það raskast, getur til mikils dregizt fyrir verur þær, er vötnin byggja. Fiskarnir eru fullkomnastir þeirra dýra, er vötnin byggja, og eiga ýmsa bráð, en fáa fjendur. Fjölgun þeirra er því viðasthvar ekki öðrum takmörkunum háð en þeim, er átan, lífsorkan, setur.

Engar líkur eru þess, að lífsorka vatnanna hafi minnkað, svo að nokkru nemi, síðan á landnámsöld. Vötnin geta því enn framfleytt jafnmiklu af fiski og þá. Þær rannsóknir, er gerðar hafa verið á vötnum hér á landi, benda og ótvírætt á það, að lífsorka þeirra sé mikil og þau geti borið miklu stærri fiskstofn en nú er í þeim. En um veiðina hefir farið

likt og um skóginn. Menn hafa gengið á kosti landsins með miklum ránskap, en litilli fyrirhyggju, unz allt var komið í örtröð. Forfeðrum vorum var nokkur vorkunn í því, að þeir kunnu ekki skil á rányrkju og ræktun. En oss, sem öðlazz höfum dýrindi þekkingarinnar til varnaðar og vegarþeina, er engin vorkunn, ef vér höldum áfram að eyða kostum landsins.

Lifsorka vatnanna er mikill fjársjóður, höfuðstóll, sem enn hefir eigi haldið verið til hagnýtingar og arðs, nema að litlu leyti, en biður óskertur þeirra kynslóða, er nota kunna. Sú orka, er framfleytt getur lífi, getur framfleytt mannlífi, og lögmál allrar ræktunar er það, að beizla lifsorkuna til handa mönnum. Fiskrækt er það, að breyta frumátu vatnanna í nytjafisk, mannaþæðu. Fiskinn rækta menn með klaki og skynsamlegum veiðiaðferðum, og er þá rétt að farið, ef lifsorkan er fullnotuð, en henni ekki ofboðið.

Einn fyrsti árangur fiskræktar, þar sem hún er stunduð til nokkurrar hlítar, er sá, að veiðin verður jöfn frá ári til árs. Í öllum veiðivötnum má rækta fisk, svo að veiði verði að jafnaði svo, sem hún hefir mest orðið, og í flestum vötnum má margfalda þá veiði, sem nú er, því að lifsorkan er víðast hvergi nærri fullnotuð, eins og áður er sagt. Í fjölmörgum vötnum, sem nú eru veiðilaus, má og rækta fisk til mikilla hagsmuna, og gildir þetta um öll þau vötn, sem áður hefir veiði í verið, en einnig mörg hinna, er til þessa hafa verið veiðileysa, því að fossar og aðrar hindranir hafa víða valdið því, að fiskurinn hefir eigi náð að nema vötnin.

Af því, sem nú hefir sagt verið um fiskrækt, má það hverjum manni ljóst verða, að vér getum aukið veiðihlunnindi landsins stórkostlega. En svo sem áður er ritað, er slíkt óhugsandi meðan vér eigum við að búa veiðilöggjöf þá, sem enn er í gildi.

Vér Íslendingar stöndum á vegamótum um veiðimál vor, eins og margt annað. Á aðra hönd liggur krókstigur sundrunar og þekkingarskorts. En á hina höndina blasir gagnvegur samtaka og ræktunar. Hann liggur til hlunnindaauka og hagsældar.

VI. Yfirlit yfir sögu íslenskra veiðimála.

Á þessu ári munu vera liðin 1000 ár síðan fyrst voru sett lög um veiðiskap í vötnum og ám á landi hér, því að líklegt má telja, að einhver ákvæði um veiði hafi verið tekin upp í hin fyrstu allsherjarlög vor. Hefir varla getað hjá því farið, að menn hafi greint á um skiptingu veiði í hinu nýnumda landi. Þjóðkunn er frásögn Vatnsdælu um deilur þeirra Ingimundarsona og Hrollleifs Ljótarsonar í Ási um veiðina í Vatnsdalsá.

Í *Landabrigðabætti Grágásar*, Staðarhólsbók kap. 438, sbr. Konungsbók kap. 208, eru ýmis fyrirmæli um samveiði og skiptingu veiði. Þar eru og hin fyrstu drög til friðunar. Þar segir:

„Eigi eiga menn at leggja net um þvera a ne gera teinor i eða gera

garða (eigi gerþa svá at eigi sé hlið á. Kb.) eða ker nema einn maðr eigi alla ana. En hvatki sem er þes er þar gert er þat banni fiskför þa verðr oheilög su umbúð enda varðar III marka útleð við hvern þeira er veiðina a. Rett er manne at leggja net strandlagi í ána við þat land sem hann a sialfr“.

Í næstu grein segir ennfremur:

„Nu ero quislir fleire oc scal eigi banna fiscfaur i einne quisl nema þar se minne fiscfaur en i annarre oc eigi hann einn quislina fyrir ofan“. (Grágás, II. 510, I. b. 123).

Í *Járnsíðu* eru ákvæðin um veiði í Landaþrigðabálki 24, tekin eftir Gulapingslögum 85. Þar segir svo:

„Enge má fire öðrom væðe stoð banna þa er hann hever at fornu fare haft. En hvarvitna þar sem menn eiga lax a saman þa skal hverr gera veiði vel i sinni a oc gera þo svá at fiskar mege ganga upp at a hverre. Ganga skal guðsgjöf til fiallz sem til fioro“. Síðan koma sektarákvæði við þvergirðingu etc.

Í *Jónsbók* eru ákvæðin um veiði einkum í Landsleigubálki 56. Eru þau að mestu sniðin eftir landslögum Magnúsar lagabætis, hinum norsku. Ákvæði þessi hafa um margar aldir verið hin einu fyrirmæli um veiðirétt og veiði hér á landi. Þykir því rétt að birta þau hér.

„Kap. 56. Um veiðivötn ok veitur ok veiðiár.

Hverr maðr á vatn ok veiði stöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefir verit nema með lögum sé frá komit. Vötn öll skulu svá renna sem at fornu hafa runnit. Nú ef á rennur milli bæja manna eða bekkur ok eru fiskar í þá eigu halfa hvárir ef þeir eigu svá jörð til tveim megin. En ef á eða bekkur renna rétt ok brýtur á hvárskis land þá geri svá hvárir veiðivél af sínu landi sem gert hafði at fornu fari. Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eða banna þá er hann hefir haft at fornu fari. Hvervitna er menn eigu fiskiá saman þá á hverr at veiða sem vill meðan úskipt er ánni ok draga váðir at hváru landi er þeir vilja en eigi skal hann öðrum veita. . . . Hverr maðr má gera veiðivél í sinni á ok gera svá at fiskur megi fara upp at á hverri. *Ganga skal guðs gjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengit vill hafa.* En sá maðr er gerðir fyrir þá skulu þeir er fyrir ofan eiga gera honum fimtarstefnu af þingi at brjóta ór. Engi skal öðrum veiðistöð banna fyrir sínu landi ok engi annara veiði stöð spilla“.

Það leynir sér ekki, að þessi ákvæði eru einkum til þess sett að jafna veiði og fyrirbyggja yfirgang. Hitt virðist ekki hafa vakað fyrir þeim, er lög in settu, að fiskurinn þyrfti friðunar, ef veiðin ætti að haldast. Hér eru engin ákvæði um ársfriðun eða vikufriðun, friðun hrygningarsvæða eða takmarkanir á ósaveiði.

Svo liðu meira en 6 aldir, og ekkert ber til tíðinda í veiðimálum landsins. En eftir að Alþingi var endurreist, leið ekki á löngu áður en óskir kæmu frá landsmönnum um það, að það léti veiðimálin til sín taka.

Árið 1849 var gefin út tilskipun um veiði á Íslandi. Er hún einkum um

dýraveiðar á landi og sela- og hvalveiðar, en tekur ekki til veiði í vötnum og ám. Það var ekki fyrr en árið 1867, að Alþingi tók veiðimálin upp.

Upptök þessa voru þau, að 147 menn í Mýra- og Hnappadalssýslu sendu þinginu bænarskrá, þar sem þess er beiðzt, að það taki laxveiðimálið til meðferðar. Benda þeir á það í bænarskránni, að laxveiðin hér á landi megi teljast meðal bjargræðisvega landsmanna, og hafi hún einkum fært þeim mikinn arð áður fyrr, meðan veiðin var hóflega stunduð og hinum fornu veiðilögum lotning sýnd, enda hafi þá gengið lax í flestöll vatnsföll landsins. Þeir segja, að svo líti út, sem menn þekki ekki ákvæði veiðilaganna eða hirði ekki um að halda þau, og að margir veiðieigendur hugsu um það eitt að drepa sem mest af laxinum það árið eða þann daginn, sem yfir stendur, án þess að skeyta hið minnsta um það, hvort þeir sjálfir eða aðrir fái nokkuð veitt árið eða daginn eftir, né um hitt, hvort aðrir, sem veiði eiga, geti nokkurrar veiði notið. Benda þeir og á það, að síðan farið hafi verið að flytja laxinn til útlanda, hafi misnotkun á veiðinni farið í vöxt, og að mestar séu horfur á því, að laxveiðin gangi til þurðar, ef slíku haldi áfram. Óska þeir svo eftir því, að Alþingi taki mál þetta til rækilegrar ihugunar og biðji konung um lög um þetta efni og í þeim þurfi meðal annars að vera eftirfarandi ákvæði:

- 1) Að aðeins sé heimilt að veiða lax á tímabilinu frá lokum maímánaðar til 16. ágúst ár hvert.
- 2) Að lax sé friðaður vikulega frá kl. 12 síðdegis á laugardögum til sana tíma á sunnudögum um veiðitímann.
- 3) Að bönnuð sé laxveiði í sjó nálægt ósum þeirra vatnsfalla, er lax gengur í, og að allur veiðiskapur sé bannaður í slíkum ósum.
- 4) Að stærð möskva í netum sé svo takmörkuð, að hinn smái og ungi lax fái lífi að halda, og ekki verði leyfðir minni möskvar en $2\frac{1}{4}$ þuml. á hvern veg milli hnúta.

Á 9. fundi þingsins, þann 17. júlí, var málið tekið til inngangsumræðu. Hafði áður verið útbýtt meðal þingmanna þýðingu á norsku laxveiðilögum frá 23. maí 1863 og á enskum veiðilögum frá 6. ágúst 1861. Flutning málsins hafði þm. Mýramanna. Tóku margir þm. til máls, og mæltu flestir þeirra eindregið með málinu. Varð það að ráði, að 5 manna nefnd var kosin til að athuga það.

Nefnd þessi vann dyggilega að málinu og skilaði ítarlegu nefndaráliti 7. ágúst og lagði fram frv. til laxveiðilaga með rækilegri greinargerð. Voru 4 nefndarmanna algerlega sammála um frv., en einn þeirra hafði sérstöðu um nokkur atriði. Frumvarp þetta er á marga lund svo merkilegt, að rétt þykir að prenta það hér orðrétt, og er það svo hljóðandi:

Frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi.

1. gr.

Enginn má frá 1. septembermánaðar ár hvert til 1. júnímánaðar næsta ár veiða eður deyða á nokkurn hátt lax í ám, árósum, vatnaósum, stöðuvötn-

um, tjörnum, lönnum, fjörðum eða fyrir sjávarströndum; né heldur viðhafa, leggja eður liggja láta veiðivélar fyrir lax.

2. gr.

Á öðrum tímum árs en nú var mælt má lax veiða, en þó með takmörkunum þeim, er nú skal greina.

3. gr.

Enginn skal leggja eður viðhafa nokkra veiðivél fyrir lax frá náttmálum á laugardegi til miðnættis á sunnudagskvöldið næsta eftir; né heldur á þessum tíma liggja láta, nema veiðivélin sé föst og verði eigi án stórskemmda upp tekin; því þá má hún kyrr vera, en autt op skal þá vera á henni, er gangi ofan í botn og upp úr, í hið minnsta 1 alin á breidd.

4. gr.

Hvergi, þar sem lax gengur, má hafa lóðir eður þau veiðarfæri, er náð verði með smálaxi.

5. gr.

Á stöðum þeim, er nefndir eru í 1. grein og lax gengur, má enginn til veiðiskapar viðhafa net, né önnur riðin veiðarfæri, með minni möskvum en svo, að $2\frac{1}{4}$ þumlungs sé milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 9 þumlungar, né viðhafa á nokkurn hátt þær veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa.

6. gr.

Á veiðivél hverri skulu vera svo mörg op og svo stór, að enginn lax, sem minni er en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vélinni. Séu grindur í veiðivélinni, skulu spelarnir standa lóðrétt upp og ofan, og sé eigi styttra milli þeirra en 2 þumlungar; og ef þvergrindur eru, má millum þeirra eigi vera skemmra en 3 þumlungar.

7. gr.

Engin má hafa lagnet né nokkra aðra fasta veiðivél, né garða í ám, arkvislum, árósum eður öðrum straumvötnum, sem lax gengur í, er nái lengra út en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarsins, þegar vatn er sem minnst í honum, og skal vatnið fyrir utan endann eigi vera grynna en þar sem netið, veiðivélin eða garðurinn er. Þó skal bann þetta eigi ná til þeirra, er eiga alla veiði fyrir ofan í ánni, kvislinni eður vatninu; samt má enginn þvergirða arkvisl, nema minni laxför sé í henni en í annari kvisl árinna.

8. gr.

Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga upp í vötn eður ár, eða upp að þeim, og spilla með því veiðinni.

9. gr.

Friðlýsa skal á manntalsþingum ár hvert öllum þeim veiðistöðum í

þeirri þinghá, er lax gengur og nefndir eru í 1. grein, og skal sýslumaður gera það kauplaust.

10. gr.

Enginn má selja eða kaupa lax þann, er 9 þumlungar er ummáls, þar sem hann er gildastur, eða minni, né heldur þann lax, þótt stærri sé en nú var mælt, er hann veit, að veiddur var á þeim tíma, er ekki mátti veiða lax á.

11. gr.

Brjóti nokkur lög þessi, skal hann fyrir það sæta sektum frá 1 rd. til 10 rd., og að auk 48 sk. sekt fyrir hvern lax, er hann hefir veitt ólöglega; svo skal hann og hafa fyrirgert veiðinni eður andvirði hennar. Öll ólögleg net og ólöglegar veiðivélar skulu upptækar, og ólöglegir garðar óhelgir fyrir broti; ef maður hefir og spillt veiðinni fyrir þeim, er fyrir ofan búa, skal hann bæta þeim skaðann eftir óvilhallra manna mati.

12. gr.

Þriðjungur af sektum þeim, er falla eftir tilskipun þessari, og af andvirði hinna ólöglegu veiðineta og veiðivéla falli til uppljóstrarmannsins, en tveir hlutir í sveitarsjóðinn, þar sem brotið er drýgt.

13. gr.

Með mál öll um afbrigði laga þessara skal fara sem opinber lög-reglumál; og skal lögreglustjóri, ef sá, er fyrir skaða hefir orðið, eður annar kærir brotið fyrir honum, eður hann fær það á einhvern annan hátt að vita, rannsaka málið og láta dóm ganga í því, nema hinn ákærði játi brotið og ljúki allt það, er honum ber að gjalda, bæði fyrir brotið og fyrir allan áfallinn málskostnað; eins má öll rannsókn falla niður, ef hinn seki borgar fyrir brotið, áður en rannsókn er byrjuð. Lögregluþómarinn skal dæma um, hvort hið boðna gjald er hæfilegt. Engum skal þó meinað, er fyrir skaða hefir orðið af brotum gegn tilskipun þessari, að höfða málið á sjálfs sin kostnað, ef hann kys það heldur.

Frumvarp þetta var tekið til undirbúningsumræðu á 30. fundi þingsins, þann 14. ág. Var því yfirleitt vel tekið og konungsfulltrúi lýsti því yfir, að hann teldi nefndinni hafa tekizt vel og tjáði sig eindregið fylgjandi frv. Fjöldi þm. tók til máls og voru langflestir málinu fylgjandi, enda náði frv. samþykki með mjög litlum breytingum. Skal nú nokkur grein gerð fyrir þeim:

Við 1. gr.: Fyrir „1. júní“ kom: 20. maí.

— 3. gr.: Aftan við greinina bættist: fyrir hverjar 3 álnir af lengd vél-arinnar í vatn eða sjó fram.

— 5. gr.: Fyrir „að 2¼ þumlungs“ o. s. frv. kom: að 2 þumlungar séu milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 8 þuml., og sé mælt er möskvinn er votur. Eigi má heldur viðhafa á nokkurn hátt þær

veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa. Þó má amtmaður leyfa silungsveiði með smáriðnari netum en nú var sagt, þegar það verður sannað, að veiðiaðferð sú sé mjög arðsöm fyrir hlutaðeigendur og eigi skaðvæn fyrir laxagönguna.

- Við 6. gr.: Fyrir „9 þumlungar“ kom: 8 þumlungar. Síðari málsgrein greinarinnar var orðuð þannig: Séu grindur á veiðivélinni, skal eigi vera styttra milli rimlanna á þeim en $2\frac{1}{2}$ þumlungar.
- 7. gr.: Á eftir orðinu „árósum“ í fyrstu málsgrein var bætt inn í: eður vatnaósum.
 - 8. gr.: Við greinina var bætt: Enda skal hverjum manni heimilt að skjóta og styggja sel í veiðiám og ósum þeirra.
 - 10. gr. Fyrir orðin „er 9 þumlungar“ kom: er minni en 8 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur. Orðin „eður minni“ voru felld burtu.

Breytingar þessar eru ekki stórvægilegar. Veiðitíminn er lengdur um 10 daga og minnsti möskvi minnkaður um $\frac{1}{4}$ þumlungs. Hvorugt þetta skiptir miklu. Aftur er bætt inn heimild til þess að skjóta og styggja sel í veiðiánum, og er það ákvæði til stórra bóta á frv. Allar þær breytinga-tillögur, er gengu í þá átt að draga úr friðun laxins til nokkurra muna, voru strádrepar.

Ályktarumræða um frv. fór fram þann 20. ág., og var það þá samþykkt með ofanskráðum breytingum, eftir miklar umræður.

Eins og áður er getið, fylgdu margir þm. máli þessu mjög fast fram. Þó sætti það og nokkrum andmælum. Þótti sumum laxinn friðaður um of og réttur manna til veiðinota óþarflega mikið skertur. Töldu þeir hart að banna manni að þvergirða á, er einn ætti alla veiði fyrir ofan, og hitt þó ekki síður, að ekki mætti leggja net lengra út í á en yfir $\frac{1}{3}$ af breidd hennar. Þá sætti og tillagan um útrýmingu sels úr ám og árósum allmiklum andmælum. En allar mótbárur gegn friðunarákvæðum frv. voru vægðar laust brotnar á bak aftur.

Eftir þeirri meðferð, sem málið sætti á Alþingi, hefði mátt ætla, að stjórnin hefði orðið vel við tilmælum þingsins og gefið frumvarp þetta út sem laxveiðilög fyrir Ísland. En svo varð þó ekki. Stjórnin synjaði um staðfestingu, þótt undarlegt megi virðast. Mun hún hafa talið til þess gildar ástæður. Þegar þeir þm., sem staðið höfðu öndvegir gegn frv. á þingi, sáu, að þeir gátu ekki heft framgang þess þar, sendu 17 þeirra áskorun til stjórnarinnar um það, að hún staðfesti ekki frv. Fundu þeir það til, að það gengi í ýmsum greinum of nærri rétti einstakra manna, og töldu þess enga þörf til verndunar laxinum. Hefir mál þeirra efalaust verið auðsótt við stjórnina, því að hún hafði litla þekkingu á veiðimálum hér á landi, eins og síðar kom berlega í ljós.

Í frumvarpi þessu eru mörg nýmæli. Þar er kveðið á um ársfriðun, vikufriðun, friðun gönguleiða og friðun á smálaxi. Þar er og bann við ósa-

veiði, bann við kaupum og sölu á ólöglega veiddum laxi og að síðustu ákvæði um ófriðun sels í laxveiðiám og ósum þeirra.

Það hefir þótt rétt að rekja hér rækilega feril þessa máls. Með því hefst nýr þáttur í sögu islenzkra veiðimála. Þjóðin reynir nú sjálf að koma skipun á veiðimál sín, og er þess ekki að dyljast, að frumvarp það, er nú hefir verið frá skýrt, fer í ýmsum greinum lengra í áttina til ræktunar og skipulags en síðar hefir gengið verið allt fram á þennan dag. Á þessum árum var grózka í þjóðlífi voru, og sjást þess víða merki, en svo fór um frv. þetta sem margan annan þroskavænan visi, að innlend ásælni og út-lent skilningsleysi urðu þar yfirsterkari viðleitni þjóðarinnar til skipulags og batnaðar. Má margt af þessu læra enn í dag.

Árið 1871 lagði stjórnin fyrir Alþingi nýtt frv. um laxveiði. Málið var ítarlega rætt á þinginu, og voru margir þingmanna óánægðir með frv. stjórnarinnar. Var það þó að lokum samþykkt, en með allmiklum breytingum. Síðan var óskað eftir staðfestingu konungs á því.

Eins og frv. var afgreitt frá Alþingi, var það í öllum höfuðdráttum líkt frumvarpinu frá 1867, en þó fer það öllu skemmra í áttina til friðunar. T. d. hljóðar nú 4. gr. svo: „Hvergi þar, sem laxveiði er *aðalveiði*, má viðhafa lóðir“ etc. Ákvæðum 5. gr. er breytt á þá lund, að þau eigi einungis við þar, sem laxveiði sé aðalveiði. Aftur eru í frv. ný ákvæði, sem telja má til bóta. Þannig er þar ákveðið, að 60 faðma bil skuli vera milli veiðivéla eftir endilangri á. Ennfremur er þar svo fyrir mælt, að banna megí veiðivél, er að mati 6 óvilhallra manna, sem rétturinn löglega kveðji, sé stórum skaðleg fyrir fiskför upp eða niður á. En þó að Alþingi samþykkti þannig í annað sinn frv. um þetta efni, hlaut það ekki staðfestingu konungs.

Árið 1873 var málið á ný lagt fyrir Alþingi af hálfu stjórnarinnar. Frumvarp það, er hún lagði nú fram, var í mörgum atriðum, þeim er máli skipta, lakara en frv. frá 1871. Einkum voru friðunarákvæðin ófullkomnari en áður. Eins og áður er sagt, hafði stjórninni borizt áskorun frá 17 þingmönnum um að staðfesta ekki frv. frá 1867, og er svo að sjá, sem stjórnin hafi stranglega viljað gæta þess síðan að hindra sem allra minnst sjálfræði manna um veiðiskap. Breyting sú, sem hún gerir nú á frv. frá 1871, gengur öll í þá átt að minnka friðun laxins, en halda uppi sjálfvaldi og ránskap veiðieigenda. Af breytingunni má sjá það, að hún hefir haft harla litla þekkingu á staðháttum og aðstöðu um veiði hérlendis. Þannig er nú bætt inn í 1. gr. frv., þar sem mælt er fyrir um ársfriðun og veiði bönnuð frá 1. sept. til 20. maí í ám, árósum eða öðrum vötnum, þessum orðum: „sem ekki eru saltvötn“.(!) Í frv. frá 1867 var ákveðið, að á föstum veiðivélum skuli vera 1 alinar breitt op fyrir hverjar 3 álnir af lengd veiðivélarinnar, en samkvæmt þessu frv. skyldu vera 2 álna op fyrir hverjar 6 álnir af lengd veiðivélar út í vatn. Í frv. frá 1867 var svo fyrir mælt, að veiðivélar mættu ekki ná lengra út frá landi en yfir þriðjung vatns-

farvegarins. Eftir þessu frv. mátti veiðivél ná út í miðjan farveg. Hér var því til muna verr séð fyrir fiskför um árnar og stórt skref stigið aftur á bak í veiðimálunum.

Í frumvarpinu frá 1871, eins og það var afgreitt af þinginu, var svo fyrir mælt, að þar, sem undantekninga kynni að þurfa frá meginreglum frv., skyldi farið eftir áliti 6 kunnugra og óvilhallra manna, sem rétturinn löglega kveddi. Þetta ákvæði frumvarpsins virðist stjórnin ekki hafa sætt sig við. Setti hún í þess stað ákvæði um það, að landshöfðingi skyldi hafa því nær óskorað vald til að veita undanþágur frá lögnum, t. d. um möskvavidd, op á veiðivélum, minnstu stærð laxa, er veiða mætti o. s. frv.

Nefnd sú, er þingið skipaði til þess að athuga frumvarp þetta, taldi það svo bágborið, að hún réð þinginu frá að samþykkja það og bar fram tillögu í tveim liðum, og er efni hennar þetta:

- 1) Að Alþingi ráði frá því, að frumvarpið verði gert að lögum.
- 2) Að þingið beiðist þess, að nefnd verði sett hér á landi, er sé skipuð þeim mönnum, sem kunnugir séu laxveiðum, og einum lagamanni, er útvegi skýrslur frá hinum ýmsu héruðum, þar sem laxveiði er stunduð, og geri nefndin síðan frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi, sem því næst verði lagt fyrir Alþingi.

Fyrri liður tillögunnar var samþykktur með 19 samhljóða atkvæðum, en hinn síðari með 15 gegn 6 atkv. Atkvæðagreiðsla þessi sýnir ljóslega, að þingmönnum hefir getizt illa að frv., og mun það eingöngu hafa verið fyrir þá sök, að þeim þótti friðunarákvæði þess of ófullkomin.

Á Alþingi 1875 er málið borið fram enn á ný, og er nú 1. þm. Þingeyinga flutningsmaður þess. Ekki hafði stjórnin látið undirbúa málið eða lagt fram frumvarp til laxveiðilaga, þó að Alþingi 1873 ætlaðist vissulega til, að hún gerði svo. Frumvarp það, er 1. þm. Þingeyinga bar nú fram, er í mörgum greinum líkt frv. frá 1867, en þó er á ýmsa lund dregið allmikið úr kröfum þeim til friðunar, er þá höfðu gerðar verið. Er svo að sjá, sem hafi þingheimur verið farinn nokkuð svo að láta undan síga í kröfum sínum fyrir hinu harðsvíraða skilningsleysi stjórnarinnar. Þannig er nú haldið ákvæði stjórnarfrumvarpsins frá 1873 um það, að leggja megi veiðivélum út í miðjar ár. Þá er og slakað á friðun árósa. Aftan við ákvæði þau, þar sem bannað er að leggja net eða veiðivélar úti fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur um, er skeytt þessum orðum: „*svo för hans (laxins) sé óhindruð að miklu*“. Ennfremur er hér aðeins heimilað að skjóta og stygga sel í veiðiám og ósum, þar sem lax gengur, „*ef eigi eru þar friðlýst selalátur eða æðarfugla eggver*“. Loks er svo fyrir mælt í frv., að amtsráðum skuli heimilt vera, eftir tillögum hreppsnefnda og sýsunefnda, að breyta frá ákvæðum laganna eða kveða nánar á um veiði en þar er gert, en þó aðeins svo, að grundvallarreglum laganna um friðun laxins og frjálsa göngu væri í engu haggað. Engin ákvæði eru í frv. um vikufriðun.

Frumvarp þetta var nú samþykkt þannig og síðan gefið út sem

„Viðaukalög við Jónsbókar landsleigubálks 56. kapitula um friðun á laxi, nr. 16, 11. maí 1876.

Þeir þingmenn, sem á undanförnum þingum höfðu einarðlegast barizt fyrir friðun laxins, munu nú hafa litið svo á, að slaka yrði nokkuð á kröfunum, ef frv. ætti fram að ganga. Margir þingmanna voru þeirrar skoðunar, að ekki mætti lengur dragast, að sett væru lög um laxveiði, því að ella væri ekki annað sýnna en að hún gengi til þurðar, svo sem henni væri hagað. Og þó að frv. þetta stæði alllangt að baki frv. frá 1867, var það þó allt að einu fullkomnara en hin fornu ákvæði Jónsbókar um veiði.

Ekki undu menn lengi við þessi lög, því að á Alþingi 1879 var flutt frv. til breytinga á þeim, og var 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (Grímur Thomsen) flutningsmaður. Tildrög voru þau, að Elliðaárnar höfðu verið þvergiutar, þar sem talið var að einn maður ætti veiði í þeim. Hafði verið kært yfir þessu, en engin leiðrétting fengizt. Í annan stað hafði ráðgjafinn tilkynnt landshöfðingja, að lögin frá 1876 væru ekki friðunarlög. Af þessum ástæðum var frumvarp það, er áður getur, fram borið. Aðalbreyingar þessa frv. á lögunum frá 1876 voru þær, að lögin skyldu heita lög um friðun á laxi og að aldrei mætti hafa netgarða eða aðrar fastar veiðivélar þar, sem vatn væri dýpst í ám. En auk þess voru nokkur fyrir-mæli um gerð kistna.

Málinu var nú vísað til nefndar. Skilaði hún síðan álit og lagði fram nýtt frv., þar sem það var ótvírætt tekið fram, að bannað væri að þvergirða á eða árkvísl. Flutningsmaður tók nú frv. sitt aftur, en allsnarpar umræður urðu um frv. nefndarinnar. Snerust umræðurnar mest um það, hvort þinginu væri heimilt að banna þvergirðingu eða ekki. Andstæðingar málsins töldu það brot á stjórnarskránni og visuðu til hæstaréttardóms 16. febr. 1875. Var frv. að síðustu fellt.

Á Alþingi 1881 var laxveiðimálið enn til umræðu. Kom þá fram frv., er í öllum höfuðdráttum var líkt lögunum frá 1876. Var það afgreitt á þinginu, en hlaut ekki staðfestingu konungs.

Árið 1885 samþykkti Alþingi frumvarp til laga þeirra um friðun á laxi, sem enn eru í gildi, óbreytt. Hlaut það staðfestingu konungs 19. febrúar 1886, svo sem kunnugt er. Lögum þessum hefir verið allrækilega lýst áður í greinargerð þessari, og eru þau almenningi svo kunn, að óþarft mun að segja hér frá efni þeirra. Upphaf málsins á þessu þingi var það, að 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (Þorkell Bjarnason) flutti frv. um friðun á laxi. Var það allmjög frábrugðið lögunum frá 1876. Vikufriðun var þar ákveðin 36 stundir og ársfriðun frá 1. ág. til 20. maí (frá 1. sept. til 20. maí í lögunum frá 1876). Milli veiðivéla skyldi vera 40 faðma bil og engar veiðivélar mátti hafa nær ósum í stöðuvötn en 40 faðma. Í frv. er ennfremur svo fyrir mælt, að sýslumenn og hreppstjórar skuli hafa eftirlit með veiði og gæta þess, að lögin séu haldin.

Frv. þessu var nú vísað til nefndar. Taldi hún réttara að semja nýtt frv., er meira líktist lögunum frá 1876, og varð það að ráði. Nefndin

lagði síðan fram annað frv., en flutningsmaður fyrra frv., sem var einn nefndarmanna, tók frv. sitt aftur. Allmiklar umræður urðu um frv. þetta í þinginu, og urðu ýmsir til þess, enn sem fyrr, að mæla fast með friðun laxins, og þótti þeim sumum frv. fara helzt til skammt í þá átt. Má þar helzt til nefna Benedikt Sveinsson, sem jafnan barðist einarðlega fyrir umbótum veiðimálanna. Reyndi hann að bæta frv. þetta, en andstaðan var allhörð. Þegar frv. kom frá Nd., var það enn á ýmsan hátt betra en síðar varð. En Ed. breytti því til hins verra, og var það síðan samþykkt.

Nokkru áður en þetta varð, hafði danskur fiskifræðingur, A. Feddersen, ferðast um landið til leiðbeininga um fiskrækt og önnur veiðimál. Hafði hann bent mönnum á, að friðunarákvæði laganna frá 1876 væri ófullnægjandi. Munu ummæli hans hafa átt drjúgan þátt í því, að andstæðingum málsins tókst eigi að skemma það meira en raun varð á.

Ekki voru menn allskostar ánægðir með lögin frá 1886. Á Alþingi 1889 var enn flutt frv. um laxveiðimálið. Friðunarákvæði þess voru nokkru harðari en í lögunum, ádráttarveiði voru meiri takmörk sett og mönnum heimilað að stýggja sel í ám og vötnum. Frv. þetta varð ekki útrætt á þinginu. En á næsta þingi, árið 1891, var borið fram annað frv., sem var mjög líkt þessu. Hin merkustu ákvæði þess voru þessi: Veiðitími skyldi vera 2½ mán. Þó mátti stunda stangarveiði í 3 mán. Ádráttarveiði var aðeins heimil í 4 stundir á hverjum sólarhring. 100 faðmar skyldu verða milli veiðivéla eftir endilangri á. Heimilt var að skjóta og stýggja sel í veiðiám, svo var og heimilt að *eyða sjóbirting og urriða*. Þetta síðasta ákvæði er allmerkilegt. Silungs hafði áður að engu verið getið í öllum þessum friðunarmálum. Hið fyrsta ákvæði, er til hans tekur, er þannig heimild til að geryða honum. Ástæðan mun vera sú, að sumir menn ólu þann ugg, að silungurinn, einkum urriðinn, væri hættulegur laxaseiðunum. Nú er það aftur vitanlegt, að göngusilungur að minnsta kosti gerir laxaseiðunum ekkert mein.

Frv. þetta var samþykkt á þinginu, en landshöfðingi lagði á móti því við stjórnina, svo að hún staðfesti það ekki. Ástæðan mun hafa verið sú, að frv. bannaði með öllu að þvergirða ár, enda þótt einn maður ætti veiði í ánum. Og í annan stað höfðu selveiðieigendur sent kvartanir yfir því, að það gengi of nærri rétti þeirra. Næst var málið tekið fyrir á Alþingi 1901. Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur hafði undirbúið málið og í því sambandi leitað álits veiðieigenda víðsvegar um land. Samdi hann síðan frv. með hliðsjón af frv. frá 1891. Var svo frv. hans lagt fyrir Alþingi, lítið eitt breytt. Þessi ákvæði frv. má merkust telja: Veiðitími skyldi vera 2½ mánuður og enda eigi síðar en 30. ág. Á þessu tímabili átti laxinn að vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði í 7 sólarhringa, og mátti friðun þessi vera í einu lagi. Bannað var að þvergirða ár. Veiðivélar máttu ekki ná lengra út en í miðja á, og skyldu 50 faðmar vera milli þeirra eftir endilangri ánni. Mörkvar í netum máttu ekki minni vera en 11 þuml. ummáls. Heimilt var að stýggja og skjóta sel í veiðiám.

Frumvarp þetta varð eigi útrætt á þinginu, og leið nú langur tími, unz

laxveiðimálinu var aftur hreyft á Alþingi. Rétt er þess að geta, að í nefndaráliti um frv. er talið, að lax hafi gengið til þurðar hin síðari ár.

Árið 1909 voru sett hin fyrstu lagaákvæði um friðun silungs. Málið var flutt á Alþingi eftir tilmælum Mývetninga. Bar landbúnaðarnefnd Nd. fram frv. um það, en þar átti þá sæti Pétur Jónsson frá Gautlöndum. Litlar umræður urðu um frv. þetta, og var það samþykkt. Var það síðan staðfest sem lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, og eru þau enn í gildi. Í þeim eru engin almenn ákvæði um friðun silungs, en þau veita heimild til að gera samþykktir um friðun og veiði silungs, ef $\frac{3}{5}$ þeirra manna, sem veiði eiga í vatni, æskja þess. Hafa þau því orðið að harla litlu gagni. Áður hefir efni laga þessara verið rakið. Er því óþarft að fara um það fleiri orðum hér.

Árið 1912 voru gefin út lög um eyðingu sels í veiðiám. Frv. um þetta efni hafði legið fyrir Alþingi 1901, en þá var það fellt. Á Alþingi 1912 var mál þetta tekið fyrir að nýju, og flutti 1. þm. Árnessýslu (Sigurður Sigurðsson) frv. um það. Var það síðan samþykkt og staðfest af konungi. Lög þessi eru heimildarlög, og eru þau enn í gildi. Mæla þau svo fyrir, að gera megi samþykktir um algerða útrýmingu sels úr veiðiám, en þó megi eigi raska friðlýstum selalátrum, nema fullt gjald komi fyrir. Ýmsir örðugleikar eru á því, að koma á samþykktum þessum, enda mun það óviða hafa verið reynt eða hvergi.

Árið 1917 hafði Alþingi til meðferðar tvö mál um laxveiði. Annað frv. var um heimild handa stjórninni til að veita manni einum í Kanada, Birni Jónssyni, einkarétt til að veiða lax í Faxaflóa frá netlögum og út að landhelgisörðum. Einnig átti að veita manni þessum rétt til laxveiða annarsstaðar í landhelgi með þeim kostum, sem aðrir kynnu að bjóða. Einkaleyfi þetta átti að gilda til 10 ára, og mátti leyfishafi framselja einkaréttinn til einstakra manna eða félaga. Frv. þetta var nokkuð rætt í þinginu, en var síðan fellt með 12 : 12 atkv.

Hitt málið, sem fyrir þinginu lá, var frv. til laga um laxveiði, og er það skemmst af því að segja, að það er hið róttækasta frv. um friðun á laxi, sem fram hefir komið á Alþingi til þessa. Flutningsmenn voru þeir 1. þm. Reykjavíkur (Jörundur Brynjólfsson) og þm. Norður-Þingeyjarsýslu (Benedikt Sveinsson). Hin helztu ákvæði frv. voru þessi: Ársfriðun skyldi vera $2\frac{1}{2}$ mán., frá 15. júní til 30. ág., en vikufriðun 84 stundir. Til laxveiði var aðeins heimilt að nota lagnet, ádráttarnet og veiðarfæri með öngli (stengur etc.), en aðrar veiðivélar voru bannaðar. Möskvar í laxanetum máttu eigi vera minni en 2,6 cm. ummáls. Í frv. þessu eru og ýms merk nýmæli, og má þar helzt til nefna ákvæði um laxastiga og um stjórn veiðimála. Skyldi ákveða lagnir allar og halda bók yfir þær. Leynir sér ekki, að frv. er samið með hliðsjón af norsku laxveiðilögunum, Lov om Laks- og Sjöörrettfiskerierne, frá 8. apríl 1905. Frumvarp þetta varð eigi útrætt á þinginu. Var því vísað til stjórnarinnar, en frá henni kom það aldrei aftur.

Árið 1923 komu aftur tvö mál, er að laxveiði lúta, fyrir Alþingi, og tóku þau bæði til fiskihverfis Ölfusár eins. Annað þeirra var um ófriðun sels. Samkvæmt því skyldi selur vera ófriðaður í Ölfusá og ám þeim, er

í hara renna. En þeir, sem áttu friðlýst selalátur, skyldu fá bættan hlunnindamissinn úr rikissjóði. Flutningsmaður frv. þessa var 5. landskj. þm. (Jónas Jónsson). Það var fellt.

Hitt frv. var um undanþágu fyrir laxveiðieigendur í Ölfusá frá ákvæðum laxveiðilaganna frá 1886 um vikufriðun. Í greinargerð frumvarpsins segir svo: „Enda má heita, að laxveiðin í Ölfusá sé yfirleitt sárlítill og svari varla kostnaði, nema þar sem bezt veiðist“. Árið 1922 veiddust þó í Ölfusá einni 1265 laxar og 1921 1485, samkvæmt veiðiskýrslum. Þetta furðulega frumvarp náði samþykki og staðfestingu. Flutningsmenn þess voru 2. þm. Árnessýslu (Þorleifur Guðmundsson) og 2. þm. Rang. (Gunnar Sigurðsson).

En ári síðar samþykkti Alþingi annað frv., er 2. þm. Árn. (JörB) flutti, um það, að fella úr gildi undanþágu þessa. Var það einnig staðfest, og lauk svo máli þessu.

Á tveim hinum síðustu þingum, 1928 og 1929, hafa 3 frv., er lúta að veiðiskap í vötnum og ám, verið til umræðu: Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá, frv. til laga um fiskiræktarfélag og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi. Þessara mála er svo skammt að minnast, að óþarfi þykir að ræða um þau hér.

Af þessu ágripi má það ljóst verða, að allar umbætur á veiðimálum landsins hafa átt torleiði á Alþingi. Þá er að er gætt, virðist einkum tvennt hafa orðið þeim Þrándur í Götu. Annað er skilningsleysi manna á því, hve mikið má auka veiðiskap á landinu, ef skynsamlega er að farið, en hið er skammsýn hagsmunabarátta þeirra manna, sem veiðina eiga. Mestar ýfingar hafa jafnan orðið um það tvennt: að greiða fyrir fiskför og útrýma sel, enda hefir þetta komið mest við hagsmuni þeirra manna, sem hafa átt nokkuð undir sér og getað komið fram áhrifum sínum. Hagsmunir þeirra manna allra, sem veiði eiga, geta aldrei að fullu saman farið. Aðstaða þeirra, sem ósajarðir byggja, og hinna, sem upp með ánum búa, er of ólík til þess. Þau lög verða því seint samin, sem allir uni jafnvel. En eitt eflir þó hagsmuni allra veiðieigenda, og það er að auka fiskstofninn. Að því verða lög in að styðja. Þau verða að styðja að því, að vötnin gefi sem mestan arð með sem minnstum tilkostnaði. Og þau verða að styðja að því, að arðurinn skiptist réttlátlega milli veiðieigendanna. Má um það efni vitna til orða Benedikts Sveinssonar á Alþingi 1885, þá er frumvarp til laxveiðilaganna var til umræðu „...lögin verða í þessu efni að þrýsta mönnum fram á velferðarveg almennings“. Alþt. 1885, B. 690.

VII. Um einstök ákvæði frv. skulu þessar athugasemdir gerðar.

Um. I. kafla.

Í þessum kafla eru aðeins skýringar á nokkrum orðatiltækjum, sem notuð eru í lögnum. Skýringarnar á *fiskihverfi* og *fiskrækt* eru teknar

úr 1. gr. I. um fiskiræktarfélag nr. 6, 14. júní 1929, en aðrar skýringar eru nýjar, og er ekki ástæða til frekari athugasemda um þær.

Um II. kafla.

Nefndin taldi sjálfsagt að taka ákvæðin um veiðirétt upp í lög þessi, og er þau að finna í þessum kafla. Lagði nefndin þar til grundvallar ákvæðin í XIII. kafla vatnalaganna, en breytti þeim þó í ýmsum atriðum, og verður gerð grein fyrir þeim breytingum í athugasemdum um einstakar greinar þessa kafla.

Um 2. gr.

Svarar til 121. gr. vatnalaganna með allmiklum breytingum.

Í 1. málgr. er sett það nýmæli, að þeir, sem fengið hafi veiðiskirteini samkv. 20. gr., megi veiða hvar sem er, að veiðitíma liðnum, til klaks eða til visindalegra rannsókna, án endurgjalds til veiðieigenda. Laxveiði er víða svo komið nú hér á landi, að örðugt mun reynast að fá nægilegan klakfisk, enda þótt veiði sé frjáls alstaðar, og er því ekki rétt að leyfa veiðieigendum að gera þeim, er veiða í klak, enn örðugra fyrir, með því að neita þeim um veiðileyfi eða setja upp óhæfilegt endurgjald fyrir veiðileyfi. Veiði þessi er veiðieigendum og með öllu skaðlaus, þar sem heimildin er bundin við veiði eftir veiðitíma, og með því ennfremur, að þeir einir njóta þessa réttar, er veiðiskirteini hafa, þá á það að vera tryggt, að réttur þessi verði ekki misbrúkaður. Líku máli og um veiði í klak gegnir um veiði til visindalegra rannsókna, og er heimild þessi því einnig látin ná til slíkrar veiði. Á þessu tvennu, klaki og visindalegri rannsókn á lífi nytjafiskanna, hlýtur viðreisn veiðimálanna hér á landi að byggjast að mestu leyti.

Ákvæði 2. málgr. er nýmæli. Nefndin litur svo á, að eðlilegast sé og heppilegast, að þessar landsnytjar, veiðin, fylgi öðrum nytjum landsins og að ábúandi jarðarinnar, sem hefir önnur landsnot hennar, njóti einnig veiðinnar. Tilætlun nefndarinnar er, að ákvæði þetta sé ófrávikjanlegt og að veiði því eigi verði undanskilin í ábúðarsamningi.

3. málgr. svarar til 2. málgr. 121. gr. vtl. Þó er rétturinn til að skilja veiðirétt frá landareign allmikið takmarkaður frá því, sem hann er skv. vtl. Þar er jafnan heimilt að skilja veiðirétt frá landareign í 10 ár, og jafnvel lengur, ef annaðhvort ráðherra leyfir eða önnur hlunnindi koma í móti, er þeirri landareign séu ekki metin minna verð en veiðirétturinn. Af ástæðum þeim, sem getið var við aðra málgr., telur nefndin óheppilegt, að svo rúm heimild sé til að skilja veiðirétt frá landareign. Því er það hér aðallega bannað. Undantekinn er aðeins réttur til stangarveiði. Sú veiði er hvorttveggja í senn arðsömum til leigu og hættuminnst fiskstofninum í vatninu, og þykir því ekki varhugavert að hún sé skilin frá landareigninni, þó með því skilyrði, eins og áður, að leyfi ráðherra komi til, ef skilja á þessa veiði við landareign lengur en 10 ár.

Ákvæði 1. og 3. málgr. kynnu e. t. v. að verða skilin á þá leið, að landeigandi, er selt hefði stangarveiði á leigu, héldi eftir sem áður eftir

réttri til annarar veiði í vatni sínu. Er ákvæði 4. málsg. sett til þess að koma í veg fyrir þann skilning. Skv. henni fer það því eftir samningum aðila, hvort landeigandi heldur réttinum til annarar veiði en stangarveiðinnar.

Um 3. gr.

Grein þessi er algert nýmæli. Veiði hefir víða verið skilin við jarðir með ýmsum hætti, og jarðirnar þar með sviptar landsnyttjum, sem eðlilegast væri, að fylgdu þeim. Eiga ákvæði greinar þessarar að stuðla að því, að þessar landsnyttjar komist aftur undir jarðirnar, og er landeigendum því heimilaður innlausnarréttur á veiði þessari. Samskonar innlausnarréttur er landeiganda veittur í 1. gr. danskra laga um „Ferskvandsfiskeri“ 2. júní 1917. Innlausnarréttur þessi kemur þó því aðeins til greina, að meiri hluti landeigendanna krefjist hennar og fái auk þess leyfi ráðherra til innlausnarinnar. Réttur veiðieiganda er hinsvegar tryggður með því að heimila honum að krefjast innlausnar á öllum réttindunum, ef eigi eru allir landeigendur sammála um innlausn. Mundi stundum geta staðið svo á, að veiðiréttindin yrðu honum verðlitol, ef þau væru innleyst að nokkru leyti aðeins. Samfara þessu verður þá minni hluta landeigendanna að vera skylt að taka þátt í innlausninni með meiri hlutanum. Er þetta eitt dæmi þess, að nauðsyn getur verið á því að skylda minni hluta fasteignaeigenda til aðgerða, er miklu máli skipta fyrir fasteignaeigendurna alla saman, sbr. t. d. ákvæði þessa frv. um fiskræktarfélag og ýms ákvæði vatnalaganna, er í þessa átt hníga. Tryggingin fyrir því, að þessu verði ekki beitt með ósanngirni í garð minni hlutans, felst í því, að leyfi ráðherra þarf til innlausnarinnar.

Undanskilin innlausn eru samkvæmt 4. málsg. veiðiréttindi ríkis, kirkju, sveitarfélaga og fiskræktarfélaga. Likurnar eiga að vera til þess, að slík veiðiréttindi verði að jafnaði notfærð svo skynsamlega, að jafnvel sé minni hætta á alvarlegum veiðispyllum í vatninu af notkun þeirra en vera myndi þó að þau fylgdu jörðunum.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 122. gr. vtl.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 123. gr. vtl.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 124. gr. vtl.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 125. gr. vtl.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 126. gr. vtl. með allmiklum breytingum þó. Veiði

í almenningum stöðuvatna hér á landi hefir sumstaðar frá fornu fari fylgt landeignum þeim, er að vatninu liggja, þannig að miðlina vatnsins hefir ráðið veiðimörkum. 126. gr. vtl. lét slíkar venjur haldast og sama er gert í þessu frumvarpi, sbr. niðurl. 1. mgr. Hinsvegar leiddu vtl. það nýmæli í lög, að þar sem eigi var um slíka venju að ræða, skyldu sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatninu, eiga veiði í almenningi þess. Þessari reglu telur nefndin rétt að breyta. Það verður ekki séð, að það sé að neinu leyti eðlilegt eða sanngjarnt að láta réttinn til veiði í almenningi vatns fara eftir hreppaskiptingunni; þvert á móti er það í sumum tilfellum næsta óeðlilegt. Þess eru dæmi, að aðeins ein jörð í viðlendum og fjölmönnum hreppi á land að stöðuvatni, og þá veitir þetta ákvæði öllum hinum jörðunum í hreppnum hlutdeild í almenningsveiðinni. Hið eðlilegasta sýnist vera, að heimila þeim einum, er lönd eiga að vatninu, veiði í almenningi, og víðast hvar mun það líka vera forn venja hér á landi. Er ætlazt til að þetta verði aðalreglan skv. frumvarpinu. Það mun ekki hafa tíðkapt, að menn, sem ekki eiga land að stöðuvatni, veiddu í almenningi þess öðruvísi en á dorg um ís, og mun þó sú veiði aðeins hafa tíðkapt á stöku stað og frá fáum bæjum. Þessa venju vill nefndin láta gilda framvegis, og lýtur 2. mgr. að því. — Í 4. mgr. felst sú breyting frá 3. mgr. 126. gr. vtl., að heimildin til veiði í almenningi hverfi til félaga í fiskræktarfélagi við vatnið, í stað þess að 126. gr. vtl. lætur veiðiréttinn hverfa til þeirra, er þátt taka í kostnaði við klak í vatninu.

Um 9. gr.

Svarar til 128. gr. vtl. með litilsháttar breytingu, er leiðir af 2. gr. frv.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla lúta sum að því, að fenginn verði sem áreiðanlegastur grundvöllur undir hagfræði veiðiskapar í vötnum og ám (10. og 12. gr.), en önnur (11. gr.) að því, að léttu eftirlit með veiði. Mega ákvæði þessi öll heita að vera alger nýmæli í íslenskum lögum. Um einstakar gr. skal þetta tekið fram.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um skrásetningu veiðivatna. Nákvæm þekking á veiðivötnunum, eðli þeirra og einkennum, lífskjörum fiska í þeim og veiðinotum þeim, er af þeim hafa verið höfð, er nauðsynlegur grundvöllur fyrir öllum skynsamlegum aðgerðum til eflingar veiðiskapar í vötnum. Er gert ráð fyrir, að hafin verði vísindaleg rannsókn á veiðivötnum. Skrásetning þeirra er nauðsynleg til undirbúnings þeirri rannsókn. Í gr. eru talin ýms atriði, sem skráin á að greina, en jafnframt lagt á vald ráðherra að mæla fyrir um skrásetningu fleiri atriða, sem þarflegt er að skráin veiti upplýsingar um. Fyrst í stað er gert ráð fyrir því, að minni háttar

veiðivötn verði ekki skrásett, og er það einnig lagt á vald ráðherra að kveða á um það, hver veiðivötn skuli skrásett.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um að heimilt sé að skipa fyrir um merkingu sumra veiðarfæra, þ. e. ádráttarnetja, lagnetja í stöðuvötnum og lagnetja í sjó. Slik merking á að gera eftirlit með því, að netin séu lögleg að möskvavidd og öðru, miklu auðveldari. Svipuð ákvæði eru í Salmon and Freshwater Fisheries Act Breta frá 1923, 59. gr. Með því að kostnaður við eftirlit með veiði á að greiðast úr sýslusjóði, þykir rétt, að gjöld fyrir merkingu veiðarfæra renni þangað.

Um 12. gr.

Það er augljóst hversu mikil nauðsyn er á því, að áreiðanlegar veiðiskýrslur fái, bæði um veiðimagn og veiðitölu vatna. Skýrslurnar eiga að segja til um það, hvernig veiðimálunum er komið á hverjum tíma, hvort veiði fer þverrandi eða vaxandi í vatninu. Og eftir skýrslunum á að fara við niðurjöfnun ýmislegs kostnaðar, er veiðieigendum ber að greiða t. d. skv. 48., 57. og 62. gr. Í lögum um hagfræðiskýrslur 8. nóv. 1895, 4. gr., er mönnum, er laxveiði hafa, boðið að gefa skýrslur um þessi hlunnindi. En þetta ákvæði hefir eigi reynzt fullnægjandi. Það er engum vafa bundið, að skýrslur þær, sem gefnar hafa verið um lax- og silungsveiði, eru hvergi nærri eins áreiðanlegar og fullkomnar og æskilegt væri. Því eru hér sett ný ákvæði um skýrslur þessar, skýrari og fyllri en hin fyrri. Öllum veiðieigendum, þar með taldir þeir, sem löglega hafa tekið veiðiréttindi á leigu, er skylt að gefa mánaðarlega skýrslur um veiði sína. Eftirlitsmenn með veiði eða hreppstjórar, þar sem eigi er eftirlitsmaður, eiga að safna skýrslum þessum. En jafnframt er hér gert það nýmæli að skylda þá, sem kaupa lax eða silung, veiddan innanlands, til að selja aftur, svo og ýmsa, er kaupa þessa vöru til heimabrukunar í stórum stíl, til að gefa skýrslur um þessi kaup sín. Þessar skýrslur kaupendanna eiga að geta orðið til mikillar leiðréttingar á skýrslum veiðimannanna, og þess er fastlega að vænta, að slík tvöföld skýrslugjöf verði til þess, að miklu áreiðanlegri upplýsingar fái um veiðina í landinu en nú eru föng á. Þetta fyrirkomulag, að láta bæði veiðimenn og kaupendur gefa skýrslur, er hér tekið eftir frumv. A. Landmarks til laga um breytingu á laxveiðilögum Norðmanna.

Um IV. kafla.

Í hinum almenna kafla greinargerðar þessarar hefir verið sýnt fram á það, að friðunarákvæði gildandi veiðilöggjafar tryggja ekki viðhald fiskstofnsins í veiðivötnum landsins.

Í þessum kafla og hinum næstu hér á eftir eru þau friðunarákvæði

sett, er nefndin telur nauðsynleg til tryggingar því, að svo mikið af fiski, sem nægir til viðhalds fiskstofninum, nái að ganga úr sjó til hrygningarstöðvanna og fái næði til að hrygna þar. Ef veiðihlunnindi landsins eiga að haldast óskert, er óhjákvæmilegt, að veiðin sé takmörkuð með einhverjum hætti, og enn nauðsynlegra er þetta, ef stefna á að því marki að auka veiðina. Nefndin hefir lítið svo á, að ekki verði hjá því komizt að auka friðun allmikið frá því, er verið hefir til þessa. Má vera, að sumum veiðieigendum finnist hagsmunum sínum hallað, en nefndin hefir, í þessu efni sem öðrum, fylgt þeirri meginreglu, að hagsmunir einstakra manna verði að vikja fyrir almennu gagni, þar sem þetta tvennt getur ekki sam- an farið. Hitt er og ljóst, að það er öllum mönnum til mestra hagsmuna, þeim, er nú lifa, og hinum eins, er siðar byggja landið, að veiðihlunnindin aukist, en eyðist ekki.

Friðunarráðstafanir þær, er gerðar eru í frv. þessu, eru þær, er hér segir:

1. Ákvæði um að halda opnum gönguleiðum fiska.
2. Bann við veiði á tilteknum tímum.
3. Bann við veiði á tilteknum svæðum, þar sem fiskurinn hrygnir eða safnast fyrir af öðrum ástæðum.
4. Bann við veiði óþroska fisks.
5. Ákvæði um veiðarfæri og veiðiaðferðir, er tryggji það, að fiskför sé ekki hindruð og að þau veiðitæki eða veiðiaðferðir séu ekki notuð, er yaldi ránsveiði og fiskstofninum stafi hætta af.

Veiðivötn landsins eru ólík á marga lund, og er því erfitt að koma einum lögum yfir þau öll, svo að til fullra nota og sanngirni sé. Aftur er margt sameiginlegt með þeim öllum, og geta sömu ákvæði gilt um það allt. Nefndin hefir því talið heppilegast að setja almenn ákvæði um allt það, er tekur til vatnanna allra eða vel flestra, en veita ráðherra heimild til þess að setja sérákvæði, eftir tillögum sérfræðings á sviði veiðimála, um hitt, er snertir sérstaka staðhætti vatna eða aðstöðu veiðieigenda. Erlendri veiðilöggjöf er að þessu leyti líkt hagað.

Um 13. gr.

Nefndin hefir talið sjálfsagt að banna laxveiði í sjó. Erlendis er þessi veiði víða rekin með fullkomnum tækjum og miklu fjármagni, og þykir hún hvarvetna hættuleg. Þeir, sem hana stunda, eiga eigi varanlegra hagsmuna að gæta í viðhaldi veiði í neinni sérstakri á og eru því jafnan ófúsir til þess að leggja nokkuð af mörkum til fiskræktar, enda er og erfitt að ná til þeirra. Sérfræðingar telja því sjávarveiði í eðli sínu meiri ránsveiði en árveiðina og kenna henni það, að fiskstofn hefir gengið til þurrðar í ýmsum ám, þrátt fyrir fiskrækt og aðrar aðgerðir til viðhalds veiði. Hér á landi hefir lítið verið gert að veiði þessari fram á síðustu ár, enda eru skilyrði hennar eigi góð. Á síðustu árum hafa þó nokkrar tilraunir verið gerðar í þessa átt, og er ekki ólíklegt, að ýmsir gerist til að taka hana upp, ef laxverð fer hækkandi. Í því sambandi má geta þess, að skammt er til ósa

laxanna frá ýmsum verstöðum, þar sem nógur bátakostur er að sumrinu, þá er vertið er lokið, og allmikið fjármagn til tilrauna. Aftur er ekki líklegt, að þeir, sem fyrst tækju upp veiði þessa, hefðu mikinn hagnað af henni, því að drjúgur skildingur mundi ganga til reynslu og tilrauna. En ef þar kæmi, að hún yrði stunduð til fullra nota og hagnaðar, væri fiskstofni á ný stefnt í hina mestu hættu. Mundi þá miklu torveldara en nú að stemma stigu fyrir henni eða setja henni takmörk.

Á örfáum stöðum á landinu hefir sjávarveiði á laxi verið stunduð um langan aldur, og hefir hún hvergi orðið til verulegra nota, nema í Grafarvogi (Djúpavogi) fyrir ósi Elliðaár. Ekki taldi nefndin ástæðu til að banna þessa veiði, þar sem hún hefir verið metin sérstaklega eða tilfrit tekið til hennar í síðasta fasteignamati. En að sjálfsögðu verður veiði þessi að sæta þeim almennu takmörkunum, sem veiði á að hlíta að lögum. Nefndinni þótti þó rétt að heimila veiðieigendum í þeim vötnum, er næst liggja sjávarveiði, að leysa hana til sín.

Um 14. gr.

Nefndin taldi ekki ástæðu til að banna silungsveiði í sjó. Veiði þessi hefir lengi stunduð verið til góðra hlunninda sjávarbændum og almenningsi í kaupúnum, og þótti því viðurhlutamikið að taka hana af, því að ekki er líklegt, að hún verði rekin í stórum stil. Hitt var talið sjálfsagt, að setja hér ákvæði um veiðitæki þau, er til hennar eru höfð, til þess bæði að hindra ránsveiði silungs og veiði lax. Veiðarfæri þau, er heimiluð eru, munu mjög hin sömu og tíðkæpt hafa til þessa. Verða þau ekki skaðvænleg talin.

Sjálfsagt er að friða þau svæði sjávar fyrir allri veiði, sem næst liggja ósum þeirra straumvatna, er fiskur fer um. 500 metrar út frá ósum mun reynast nægilegt friðunarsvæði.

Um 15. gr.

Svo sem áður er frá skýrt, eru hverskonar breytingar á efnun vatna og eðliskostum til stórra hindrana á leið göngufiska. Slikar hindranir eru hvarvetna þar, sem ár falla í sæ eða stöðuvötn og þverár í höfuðár. Á öllum þessum stöðum safnast fiskurinn saman og stöðvast á göngu sinni, meðan hann er að venjast vatnsbreytingunum. Er því sýnilegt, að friða þurfi þessa staði.

Þá er lax eða göngusilungur kemur úr sjó, liggur hann allengi í ár-ósum. Því að ef hann gengi rakkleitt í árnar, mundi hann ekki þola vatnsbreytingarnar. Gengur hann þá upp í ósinn með flóðum, en leitar út þaðan aftur um fjöru, unz hann er svo vanur hinu ósalta árvatni, að hann treystist til að renna upp ána. Fiskurinn gengur því oft um ósasvæðin, og eru því meiri líkur til, að hann veiðist, sem hann gengur oftast aftur og fram. Auk þessa er laxinn ekki í fullu fjöri meðan hann er að venjast vatnsbreytingunum og því auðveiddari en ella, einkum í ádrætti. Af þessum ástæðum hefir nefndin talið nauðsynlegt að banna með öllu ádráttarveiði í ósum, þar sem ár falla

til sjávar, svo og á leirum við árósa, því að þar er oftast hægt um dráttarveiði. Um þessar veiðivélar í árósum hefir nefndin gert þá skipun, að þær megi eigi ná lengra út frá landi en $\frac{1}{4}$ af breidd óssins.

Um ósa ár í stöðuvötn eða þverár í höfuðá er hið sama að segja og sjávarósana. Þessar ár eru þó oftast heldur vatnslitlar og flestar tærar, og því auðvelt um veiði í þeim og ósum þeirra. Nefndin hefir því talið rétt, að bönnuð verði öll veiði í ósum þessum og á litlu svæði upp og niður frá þeim. Aðstaða er þó misjöfn í þessu efni, og er því ráð fyrir því gert í 3. og 4. málsgrein greinar þessarar, að ráðherra geti hert á friðunarákvæðum þessum, þar sem það verður talið nauðsynlegt, en veitt undanþágu frá þeim að nokkru leyti eða öllu, þar sem svo hagar til, að ósaveiðin verði ekki talin hættuleg.

Um 16. gr.

Samkvæmt gildandi veiðilögum má veiða lax í 3 mánuði á ári hverju, og geta sýslunefndir ráðið hvenær veiðitími þessi er tekinn í hverju vatni. Af þessu leiðir, að veiðitíminn er misjafn í hinum ýmsu ám, en slíkt er ófært, ef banna á sölu á laxi eftir veiðitíma, svo sem gert er í frv. þessu. Hefir nefndin því talið sjálfsagt að samræma veiðitímam, svo að hann verði hinn sami í öllum vötnum.

Viðast hefir veiðitíminn verið valinn eftir hagsmunum þeirra manna, er veiði eiga neðan til í ánum. Hinir, sem ofar búa, hafa því annaðhvort orðið að hafa litla veiði eða brjóta þessi ákvæði veiðilaganna. Með tilliti til þessa hefir nefndin talið rétt að lengja veiðitímam um $\frac{1}{2}$ mánuð frá því, sem var, en setja aftur þau ákvæði um eftirlit og sölu á laxi, að lögin verði ekki brotin.

Göngusilungur kemur oft upp í ár snemma á vorin, þá er ísar eru leystir. Hefir nefndinni því þótt rétt að heimila veiði göngusilungs frá 1. apríl ár hvert. 3. og 4. málsg. þessarar greinar eru settar til tryggingar því, að lax verði ekki veiddur í blóra við silunginn á tímabilinu frá 1. apríl til 31. maí. Aftur taldi nefndin ógerlegt að heimila veiði göngusilungs eftir 15. september, bæði vegna þess, að úr því liður mjög að hrygningu silungsins, og eins af hinu, að hætt er við að slík heimild yrði misnotuð til laxveiði. Á vorin er miklu minni hætt á þessu, bæði vegna vatnavaxta, er hindra alla veiði, en þó einkum af því, að lax gengur óviða í ár, svo að nokkru nemi, fyrr en í öndverðum júnimánuði.

Hér og annarsstaðar í frv., þar sem tímabil eru talin, er til þess ætlað, að báðir dagar eða stundir séu meðtaldar.

Um 17. gr.

Nefndin telur óhjákvæmilegt að lengja vikufriðunina allmikið frá því, sem nú er. Friðun þessi er til þess sett að jafna veiði í ánum og bjarga nokkru af fiskinum upp á hrygningarstöðvarnar eða á þá staði, sem vernda hann fyrir veiði.

Bæði rannsókn og reynsla hafa sýnt það og sannað, að aðeins örlitill hluti þess fiskjar, sem í árnar gengur, nær að hrygna. Mestur hluti hans er

veiddur, einkum neðan til í ánum. Af þessu leiðir það tvennt, að veiðinot eru lítil ofan til í ánum og að fiskstofn ána er miklu minni en verið gæfi, og er það vitanlega til almenns óhagnaðar. Vikufriðunin er því ein hin veigamesta ráðstöfun frv. til tryggingar fiskstofni og veiði.

Vera má, að ýmsum þeim, er veiði eiga í ánum neðanverðum, finnist nefndin hafa gengið óþarflega langt í þessu efni, og telji þeir rétti sínum ballað með ákvæði þessu. Skal því lítið dæmi tekið hér til glöggvunar á málinu.

Samkvæmt gildandi lögum má veiði stunda 132 stundir á viku hverri, en eftir frv. 108 stundir. Á ósajörð, þar sem undanfarin ár hafa að meðal lagi veiðzt 30 laxar á viku hverri, ætti vikuveiðin að verða samkvæmt frv. $\frac{132}{108} = \frac{30}{x}$ þ. e. 24,5 laxar, eða 81,6% þeirrar meðalveiði, er áður var. Veiðirýrnunin yrði þannig vegna þessa ákvæðis aðeins 18,4%, og er þó ekki tillit tekið til þess, að veiðitíminn er samkv. frv. þessu 2 vikum lengri en hann áður var. Svo sem áður getur, var veiðin á öllu landinu árið 1919 aðeins 66% af meðalveiði á árabílinu 1918—1927, en árið 1921 var veiði 23,5% hærri en meðalveiði þessi. Hefir þannig orðið nærri helmingsmunur á mestu og minnstu veiði á þessu árabíli, og stafar hann einkum af því, hve mikill munur er á árgöngum fiskstofnsins. Þar sem fiskrækt er stunduð og veiði er bundin þeim takmörkunum, að vel sé fyrir viðhaldi fiskstofnsins séð, hverfa sveiflur þessar á veiðinni að mestu, auk þess, sem fiskstofninn vex og með honum veiðin. Er því augljóst, að þeim, er búa við árnar neðanverðar, sé miklu betra að tryggja og auka fiskstofn í vatni sínu en að rányrkja sú haldist, er verið hefir, enda þótt veiði þeirra minnki lítið eitt fyrstu árin.

Samkvæmt laxalögnum má ádrátt stunda aðeins annaðhvert dægur, en vikufriðun er þar jöfn fyrir þessa veiðiaðferð og fastar veiðivélar. Ádráttarveiði er mjög stórtæk, einkum í hinum vatnsminni ám, svo sem þverám og uppám. Ýms þessara vatna eru svo auðdræg, að svo má heita, að taka megi hvern fisk, er í þau gengur, með ádrætti, en einmitt í þessum ám, uppám og þverám, eru hrygningarsvæði fisksins. Nefndin hefir því talið nauðsynlegt að láta lengri vikufriðun gilda um dráttarveiði en fastar veiðivélar. Í sumum ám eru þó staðhættir slíkir, að dráttarveiði verður ekki við komið, nema á stuttum köflum, og er þá ekki ástæða til að banna veiði þessa meira en aðra. Hefir því þótt rétt að veita ráðherra heimild til undanþágu frá hinni lengstu vikufriðun, þar sem svo hagar til.

Í ýmsum ám, sem langar eru eða torgengar, getur hæglega svo farið, að vikufriðun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, reynist eigi nógu löng til þess að fiskurinn bjargist upp á hrygningarsvæðin. Má þar til nefna ár þær, er falla gegnum stöðuvötn eða eru fossóttar. Í slíkum ám væri eflaust gott gagn að því, að vikufriðun yrði færánleg, þannig að hún fylgdi göngunni upp ána. Nefndin hefir því lagt til, að ráðherra verði heimilað að setja ákvæði um færánlega vikufriðun, þar sem veiðimálastjóri telur hana nauðsynlega eða hagkvæma.

Rétt er þess að geta, að 1 nefndarmanna (JörB) hefir talið vikufriðun

þá, sem ákveðin er í frv., öllu styttri en vera ætti, þó að hann hafi ekki talið ástæðu til að gera það að ágreiningsefni í nefndinni.

Um 18. gr.

Í grein þessari er mælt fyrir um friðun tiltekinna svæða. Fiskurinn safnast saman undir fossum og annarsstaðar, þar sem hindranir verða á göngu hans, og er því auðvelt að veiða hann þar til svo mikilla muna, að veiðin skaði fiskstofninn stórlega. Á slíkum stöðum hefir veiðin einnig þær afleiðingar, að gangan hindrast og dreifist. Þar, sem löng fossföll og torgeng verða á leið fisksins, geta fastar veiðivélar orðið til mikillar hindrunar, eða jafnvel heft fiskför að mestu. Hefir því nefndin talið rétt, að ráðherra verði heimilað að setja friðunarákvæði um slíka staði, eftir tillögum veiðimálastjóra.

Þá er líða tekur á sumar, safnast fiskurinn saman á þeim svæðum, sem hann velur sér til hrygningar. Liggur hann þá í næstu hyljum á daginn og oft allþétt. Þess eru eigi allfá dæmi, að því lík svæði séu eftirsóttir veiðistaðir, og hefir fiskstofninum verið geytt á sumum þeirra. Sjálfsagt má telja, að slík svæði séu friðuð að nokkru eða öllu.

Enn eru sumar ár svo auðdrægar, að veiða má úr þeim hvern fisk að kalla, og eru þær ár margar, er á þennan hátt hafa verið eyddar að öllu veiðigagni. Hefir þetta einkum átt sér stað um hinar vatnsminni ár, svo sem þverár, þar sem fiskurinn hrygnir. Sjálfsagt má telja, að friðunarákvæði séu sett til hindrunar slíkri ránsveiði, því að ella er fiskstofninum engin vernd í vikufriðun eða öðrum friðunarráðstöfunum. Hefir nefndin talið heppilegast, að friðuð verði viss svæði áanna fyrir dráttarveiði, þá er aðstaða hefir rannsökuð verið. Má þá ætíð velja friðunarsvæðin svo, að sem jafnast komi niður á alla veiðieigendur.

Friðun þá, er ræðir um í grein þessari, er ekki unnt að binda almennum ákvæðum. Til þess skortir enn þekkingu á hinum einstöku vötnum og veiði þeirra. Hefir nefndin því valið þá leið að heimila ráðherra að mæla fyrir um hana, eftir því sem þekking vinnst á veiðimálum.

Um 19. gr.

Óþarft mun að fara mörgum orðum um þessa grein. Munu allir samála um það, að banna skuli veiði á óþroskuðum fiski, sem ekki hefir gengið í sjó. Svo getur þó til borið, að æskilegt þygi að rannsaka eða merkja smáfisk þennan, og hefir nefndin því heimilað veiði hans til visindalegra þarfa, sbr. 20. gr.

Um 20. gr.

Þess er að vænta, að rannsóknir á vatnafiskum verði gerðar framvegis og aukist frá því, sem nú er, því að þekking á fiskum þessum er enn ófullkomin á marga lund, en þekkingin ein skapar traustan grundvöll fiskræktar og annara veiðimála. Nefndin hefir því talið rétt að undanskilja veiði til visindalegra þarfa öllum friðunarákvæðum.

Svo sem áður er sagt, hefir hvarvetna reynzt torvelt að fá nægan stofnfisk til klaks, og ekki er unnt að veiða hann fyrr en eftir veiðitíma. Þess eru

og dæmi, að veiðieigendur hafi amazt við veiði stofnfiskjar, og er slíkt ó-sanngjarnnt í mesta máta, þegar þess er gætt, að fiskurinn gengur ekki nema einu sinni til hrygningar, svo sem telja má, að eigi sér stað um laxinn. Fisk-rækt er til svo mikilla almennra hagsmuna, að sjálfsagt má telja, að hún sé að lögum vernduð fyrir meinbægni þeirra manna, er njóta góðs af henni. Undanþágu þá, er ræðir um í þessari grein, mætti vitanlega misnota. Nefndin hefir því gert þá skipun á, að þeim einum skuli heimil veiði stofnfiskjar til klaks, sem hafi til þess skirteini, er ráðherra gefur út til ákveðins tíma. Þótti og rétt, að heimild þessi skyldi aðeins gilda í því fiskihverfi, er klakið starfar við. Veiði til visindalegra rannsókna hefir einnig til varúðar verið bundin því skilyrði, að þeir, er slíka veiði stunda, fái veiðiskirteini, gefið út af ráðherra.

Um 21. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, er nefndin hefir tekið upp eftir erlendri fyrirmynd. Til þessa hefir verið lítið eftirlit með því, að friðunarákvæði veiðilöggjafarinnar væru haldin, og hafa þau einatt verið brotin. Einkum er það líklegt talið, að allmikið hafi kveðið að laxveiði eftir veiðitíma. Nú er haustveiði hættulegust allrar veiði, því að á þeim tíma tekur fiskurinn að safnast saman til hrygningar. Svo sem frv. ber með sér, leggur nefndin til, að eftirlit með veiði og friðun verði miklu meira eftirleiðis en áður hefir verið, og telur hún, að ákvæði greinarinnar gætu þar komið að góðu liði, einkum að því er tekur til haustveiði.

Um V. kafla.

Í islenzkum lögum hafa til þessa engin almenn ákvæði verið til um friðun vatnasilungs. Hér er því um algert nýmæli að ræða. Erlendar þjóðir, er komið hafa skipulagi á veiðimál sín, hafa sett ýmis ákvæði til friðunar fiski í stöðuvötnum. Hafa þær vitanlega ekki gert það að nauðsynjalausu, heldur til þess eins að vernda fiskstofn stöðuvatna fyrir ránsveiði. Hér á landi mun nauðsyn þessa vera mjög hin sama og erlendis. Viða um land hefir veiði vatnasilungs verið stunduð af hinum mesta ránskap. Hvorki ungvíði né riðafiski hefir verið vægt, og má svo heita, að víðast sé tíðkað enn að veiða silunginn á haustin, þegar hann gengur undir land til hrygningar. Afleiðing þessa er sú, að í flestum vötnum eða öllum er fiskstofninn miklu minni en verið gæti, ef sámilega væri að honum búið.

Flest virðist benda á það, að silungsverð muni fara hækkandi, og er þá líklegt, að veiðin verði ennþá fastar sótt en verið hefir til þessa, en af því hlýtur aftur að leiða meiri rýrnun á fiskstofninum en enn er orðin, nema hann verði verndaður með lagaákvæðum. Af öllum þessum ástæðum hefir nefndin talið sjálfsagt að mæla fyrir um friðun vatnasilungs á þann hátt, er gert er í frv. þessu.

Um 22. gr.

Vatnasilungur elur allan sinn aldur í ósöltu vatni, hver fiskstofn í

sinu fiskihverfi. Er því að öllu hægara um ræktun hans en göngufiskanna, er leita til sjávar, og vísari von um árangur þeim til handa, sem að henni standa, því að svo má heita, að fiskstofninn fylgi þeim jörðum, er fiskihverfin eiga í óskiptri sameign. Sinnuleysi einu er því um að kenna, er fiskrækt hefir ekki verið upp tekin í flestum þeirra stöðuvatna, sem silungsveiði er stunduð í. En þar, sem ræktunin á sér fáa formælendur, á ránsyrkjan heima.

Nefndin hefir því talið rétt að gera mikinn mun á friðun vatnasilungs í þeim vötnum, þar sem klak er starfrækt til sámilegra nota, og í hinum, þar sem engin fiskrækt er.

Vatnasilungur hrygnir í flestum vötnum að haustinu og fyrri hluta vetrar. Þegar líður að réttum og nótt lengir, tekur hann að safnast saman á hrygningarsvæðin, en þau eru ætíð á grynningum, oftast meðfram löndum eða í árósum. Á þessum tíma er fiskurinn því auðveiddur, enda er þá veiðin víða stunduð af kappi. Veiði hrygnandi fiskjar er ætíð ránsveiði, nema svo miklu af hrognum sé klakið, að fiskstofninn sé fullu bættur, en ef séð er að fullu fyrir afkomu fiskstofnsins á þennan hátt, er veiðin skaðlaus og meira að segja æskileg. Ekki verður sagt með neinni vissu, hve miklu þurfi að klekja til þess að fiskstofninn sé skaðlaus af veiði, því að reynslu skortir enn og rannsókn á þeim efnunum hér á landi. Vitanlegt er þó, að miða verði það við veiðitölu, en jafnvist er hitt, að setja verði í vötnin margfalt fleiri seiði en veiðitalan hefir orðið, því að margt verður ungfiskinum að fjörtjóni, einkum hið fyrsta ár. Ekki mun þó fjarri sanni að áætla, að 18. hvert seiði nái fullum þroska, svo sem gert er í frv.

Í frv. er ákveðin 18 vikna friðun fyrir allri netjaveiði í þeim fiskihverfum, þar sem fiskrækt er ekki stunduð. Í þeim fiskihverfum, þar sem klak er starfrækt, hefir nefndin talið rétt að stytta friðunina að sama skapi og fiskræktin eykst að afköstum, og heimila að hún falli niður með öllu, þar sem klakið er 18 seiðum eða meiru fyrir hvern veiddan fisk. Virðist nefndinni þessi skipun vera bæði réttlát og hagkvæm. Fiskrækt er sízt minni trygging fyrir viðhaldi fiskstofnsins en friðun, því að þeir, sem fiskrækt stunda, fá skilning á því, að vernda verði fiskstofninn, og gera það jafnaðarlega, ef á liggur. Hagkvæm er skipun þessi af því, að í henni er fátín hvöt til fiskræktar.

Friðunina í vikum má finna eftir formúlunni: $f = 18 \div \frac{s}{v}$, þar sem f merkir friðun, s tölu seiða, sem sleppt er í vatn, og v veiðitölu. Er til þess ætlazt, að friðunin sé ávallt talin í heilum vikum, þ. e. að f verði ætíð heil tala. Ef hlutfallið $\frac{s}{v}$ felur í sér brotna tölu, verður því að sleppa brotinu.

Sjálfsagt hefir þótt, að veiðimálastjórn skyldi mæla fyrir um það, hversu stytta skuli friðunartíma, því að svo er ráð fyrir gert, að hún þekki staðhætti og fái skýrslur um veiði og fiskrækt.

Í einstaka vötnum hrygnir vatnasilungur að sumarlagi. Þótti því nefndinni rétt að veita ráðherra heimild til að setja friðunarákveði um slík vötn á líkan hátt og gert er um þau vötn, þar sem silungur hrygnir á haustin og veturna.

Um 23. gr.

Greinin felur í sér samskonar ákvæði og 18. gr. Má því í öllum höfuðatriðum vísa til athugasemda um þá grein, og skal aðeins litlu við það bætt hér.

Þá er hitar ganga og stillur á sumrin, þverr súrefni vatnanna mjög. Silungurinn gengur þá að uppsprettum og lækjarósum, þar sem svalara er og súrefni meira, og safnast þar saman í stórar torfur. Silungur þessi er nefndur hitasilungur, og er hann víða veiddur unnvörpum, svo að fiskstofninum getur stafað hætta af. Nefndin hefir því talið rétt að veita ráðherra heimild til að friða að nokkru leyti eða öllu þá staði, þar sem hann safnast saman.

Í sumum vötnum er fiskmergð mikil, en fiskurinn svo smár og rýr, að hann má teljast óætur. Stafar þetta af því, að náttúruskilyrði eru góð til hrygningar, en veiði lítil, svo að viðkoman hefir ofboðið lífsorku vatnanna. Í slíkum vötnum er klak til skaða. Verður þar að fækka eða útrýma hinum úrkynjaða stofni og flytja síðan í vötnin annan kynbetri stofn. Nefndin hefir því talið rétt, að þar sem svo er ástatt, geti ráðherra sett ákvæði um, að friðun skuli takmörkuð eða niður felld með öllu.

Um 24. gr.

Sbr. athugasemdir um 19. gr.

Um VI. kafla.

Í kafla þessum er kveðið á um veiðarfæri og veiðiaðferðir. Taldi nefndin rétt að setja skýrar reglur um það, hver veiðitæki megi nota, svo og um gerð þeirra, skipun og notkun, því að ella er örðugt að hafa eftirlit með þeim. Ákvæðin fara öll í þá átt, að tryggja fiskinn fyrir ránsveiði.

Veiðarfærin eru misjöfn að gerð og misjafnlega veiðin. Veiðarfærum þeim, sem heimilt er að nota samkv. frv. þessu, má skipta í þrjá flokka: veiðarfæri með öngli, fastar veiðivélar og dráttarnet. Veiðarfæri með öngli eru: færi eða dorg, stöng og lóð. Þau eru sízt hættuleg allra veiðitækja og hindra ekki fiskför, svo að nokkru nemi. Í frv. eru því veiðarfæri þessi undanþegin ýmsum friðunarákvæðum, svo sem vikufriðun í ám og ársfriðun í stöðuvötnum. Til fastra veiðivéla teljast öll þau veiðitæki, sem föst eru og fiskurinn ánetjast eða króast í, svo sem: lagnet, króknnet, kistur og girðingar. Öll þessi veiðitæki geta verið geysiskaðleg, og má svo kalla, að með þeim megi hefta fiskför með öllu í straumvötnum. Er því óhjákvæmilegt að setja þeim slík takmörk, að þau geti ekki lokað gönguleið fiska eða valdið ránsveiði. Hið merkasta nýmæli þessa kafla fer í þá átt, og skal nú farið um það örfáum orðum. Lög um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886, mæla svo fyrir, að tassar veiðivélar megi ekki ná lengra út en í miðja á. Í hinum almenna kafla greinargerðar þessarar hefir verið fram á það sýnt, að þetta ákvæði laganna sé alls ófullnægjandi

til tryggingar því, að fiskurinn komist upp á hrygningarstöðvarnar, einkum þá er veiðivélum þessum fjölgar meira en orðið er. Í Noregi, þar sem aðstaða er á marga lund lík og hér á landi, hafa menn leitt það í lög, að göngufiskar skuli ætíð eiga frjálsa för eftir ánum miðjum. (Sbr. Lov um Laks- og Sjöörrettfiskerierne m. v. af 8de April 1905, § 24). „Frileið“ þessi (Frilöbet) nær yfir $\frac{1}{4}$ af breidd árinna, og skal hún ætíð liggja þannig, að hún nái yfir straumlinu árinna eða höfuðstreng. Margir eru þeir meðal kunnáttumanna á sviði veiðimála í Noregi, er telja göngubelti þetta of mjótt, og í hinum norsku sundum er það $\frac{1}{3}$ breiddarinnar. Nefndin hefir talið rétt að fara að dæmi Norðmanna í þessu efni og leiða í lög göngubelti, er taki yfir $\frac{1}{3}$ af breidd árinna. Virðist belt þetta ekki mega mjórri vera, samkvæmt reynslu Norðmanna, þá er þess er gætt, að flestar veiðiár á landi hér eru miklu lengri en laxárnar í Noregi, sem flestar eru vestanfjalls. En því lengri, sem árnar eru, því betur þarf um að búa, til þess að tryggja viðhald fiskstofnsins.

Lax og göngusilungur ganga þéttast eftir straumlinum ána eða meðfram þeim, enda eru lagnir fyrir lagnet og króknet þannig settar, að straumlinan liggur í gegnum veiðivélarnar eða fast upp að þeim. Það er því mikilsvert fyrir fiskför um árnar, að straumlina þeirra sé friðuð fyrir veiðivélum.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa taldar verið, hefir nefndin mælt svo fyrir í frv., að fastar veiðivélar megi aldrei ná lengra út í á en $\frac{1}{3}$ af breidd árinna um meðalflæði, sbr. gr. 31., og að straumlina skuli ætíð liggja utan þeirra. Í hinum stærri ám veldur ákvæði þetta litlum breytingum frá því, sem nú er, því að veiðivélarnar ná þar óviða lengra út en yfir $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{3}$ ána, vegna þess að ekki hefir tekizt að leggja þeim lengra frá landi fyrir straumi og dýpi. Um vatnsminni árnar gegnir allt öðru máli. Þar er vandalaust að setja veiðivélarnar svo langt út frá landi, sem lög leyfa, enda hafa þær orðið þar miklu skaðlegri en vera má. Svo gæti og hæglega farið um stórárnar, að veiðivélar yrðu þar lagðar út í miðja á, og eru dæmin deginum ljósari, þar sem eru girðingarnar.

Loks er að nefna dráttarnetin og notkun þeirra. Ádráttarveiði er hin mesta ránsveiði, og er torveldara að setja henni takmörk en annari veiði. Aftur er ófært að banna hana með öllu, því að allviða hagar svo til, að annari veiði verður ekki við komið. Hefir nefndin því sett henni allmiklu harðari kosti um vikufriðun en allri veiði annari.

Um 25. gr.

Ýms veiðarfæri og veiðivélar eru þannig, að ekki getur komið til mála að leyfa þær í nokkru vatni. Má þar til nefna sprengingar, eitur, rafmagn o. fl. Nefndin átti því kost á því tvennu: 1) að banna tiltekin veiðitæki og veiðiaðferðir og 2) að heimila notkun tiltekinna veiðitækja og veiðiaðferða aðeins. Valdi hún hiklaust síðari kostinn, því að hann er miklu öruggari. Fyrir hitt yrði torvelt að girða, að ekki gæti komið upp veiðiaðferðir, sem orðið gætu til stórtjóns, ef ekki væri við þeim séð. Þau

veiðarfæri, sem notuð hafa verið til þessa, eru ekki næsta skaðvænleg með þeim takmörkunum, sem þeim eru sett í frv. Hefir nefndin því heimilað þau öll, svo sem greinin ber með sér. .

Aftur taldi nefndin sjálfsagt að setja í frv. ákvæði um heimild til að taka upp ný veiðitæki eða veiðiaðferðir, því að ella gæti engin þróun átt sér stað í veiðitækni landsmanna, en rétt þótti þó, til öryggis, að binda heimildina þeim skilyrðum, að bæði veiðimálastjóri og veiðimálanefnd væri henni samþykkt. Ákvæði það, er felst í síðustu málsgrein þessarar greinar, er upp tekið eftir erlendri fyrirmynd. Er það til mikils léttis um eftirlit og veitir veiðimálastjórninni ihlutunarrétt um það, að lögnum verði ekki fjölgað frá því, sem nú er, meira en telja má hagkvæmt fyrir fiskstofninn.

Um 26. gr.

Áður fyrr munu hafa verið allmikil brögð að því að stinga lax eða krækja í fossum, en í laxalögunum frá 1886 er veiði þessi bönnuð. Þótti sjálfsagt að halda banni þessu, þó með þeirri undanþágu, að nota megi krók eða ífæru til þess að bjarga fiski á land úr veiðivélum eða af öngli. Rétt þótti og að láta háf sæta sömu skilorðum.

Í erlendri veiðilöggjöf er bann við því að veiða lax eða göngu-silung á þann hátt að veita burtu vatni, unz farvegurinn sé þurr að mestu eða öllu. (Sbr. t. d. Lov om Laks- og Sjöörrettfiskeri m. v., 8. April 1905 § 33). Þessi veiðiaðferð hefir litið verið notuð hér á landi, en rétt þótti þó að taka upp í frv. bann við henni, því að hún er í eðli sínu hin mesta ránsveiði.

Um 27. gr.

Laxakistur eða silunga hafa ekki verið mikið tíðkaðar hér á landi á síðari árum, en eru allmikið notaðar erlendis. Hér hefir nokkuð verið um það deilt um hrið, hvort þær skyldu leyfðar eða ekki. Hefir nefndin ekki séð ástæðu til að banna þær, og hniga að því þau rök, er nú skal greina:

Kisturnar eru í eðli sínu hvorki stórtækari né hættulegri en aðrar fastar veiðivélar, ef þær annars eru á sama hátt settar. Fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Af þeirri ástæðu kemur hann úr þeim óskemmdur og ópreyttur og er því betri markaðsvara og betri til geymslu en fiskur sá, er fæst úr lagnetum og króknetum. Fyrir sömu sök er veiðiaðferð þessi mannúðlegri en lagnetja eða króknetjaveiði. Kisturnar geta staðið í þeim straumi, þar sem engin net haldast, og verjast sliburði miklu hetur en netin. Loks má á það líta, að þær munu ódýrari í rekstri en aðrar veiðivélar.

Vera má, að kisturnar hafi sumstaðar orðið helzt til veiðnar, en ástæðan til þess mun þá vera sú, að þeim hefir verið lagt út í miðja á eða svo langt, sem lög hafa leyft, en svo langt verður ekki lagnetum eða króknetum komið, nema í smáám. En ef króknet og girðingar ná jafnlangt út og kisturnar, virðast þau hljóta að verða jafnveiðin öll, því að

einu má gilda, ef fyrirstaða verður fyrir fiskinum, hvort hún er úr netriðli eða spelum. Nú er það um girðingarnar að segja, að víða er vanda-
laust að girða árnar út að miðju, og munu þær því reynast nokkuð jafn-
veiðnar kistunum. Ætti því að banna þær einnig, ef kisturnar væru bann-
aðar. En hvor þessara tveggja veiðivéla skilar fiskinum sem betri vöru en
netin, einkum ef selja á hann frystan eða kældan til útlanda. Þar sem
sala þessi hefir haft góðan árangur hin síðustu ár, virðist nefndinni aug-
ljóst, að styðja beri að því, að hún haldist. Hefir hún því heimilað veiði-
vélar þessar með þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar mega teljast
fiskstofninum til tryggingar, en þær gilda báðar jafnt. Fyrirmæli greinar-
innar fara í þá átt, að tryggja þetta, og er einkum á það litið, að fiskur-
inn króist ekki við kistuna um vikufriðunartíma, og að smáfiskur geti
smogið girðingar þær, er frá henni liggja forstreymis og til lands. Að öðru
leyti munu fyrirmæli þessi eigi þurfa skýringar við.

Um 28. gr.

Svo sem fyrr hefir verið frá skýrt, er smálax yfirleitt fullproska,
og er hans eigi frekar von í árnar aftur en hins stærra lax. Er því ekki
ástæða til að vernda hann sérstaklega fyrir veiði. Í annan stað hefir
nefndin talið sjálfsagt að láta sömu ákvæði gilda um veiði lax og göngu-
silungs, til þess að lax verði ekki veiddur í blóra við silung. Af þessum
ástæðum hefir nefndin talið rétt að heimila smærri möskva í veiðinetum
en til þessa hafa verið að lögum leyfðir. Var og heppilegra talið að miða
möskvavidd við bilið hnúta í milli, svo sem gert er erlendis, en við um-
mál möskva, svo sem hér hefir áður verið. Sjálfsagt má og telja, að
möskvavidd sé miðuð við netin vot, eins og þau eru í vatninu.

Að svo komnu máli er ekki unnt að mæla fyrir um möskvavidd
netja þeirra, er notuð eru í þeim ám, þar sem aðeins er vatnasilungur,
enda eru þær ár fáar. Taldi nefndin því rétt að veita ráðherra heimild
til þessa, og er til þess ætlazt, að sú heimild verði notuð eftir því, sem
fræðsla fæst um það, hvað bezt muni henta á hverjum stað.

Þá er ákvæði eru sett um minnstu möskvavidd, er og nauðsynlegt að
banna notkun tvöfaldrá netja, því að þeim mætti svo leggja, að möskvar
féllu saman, og yrðu netin þá í raun og veru möskvasmærri en leyft er.
Erlendis eru tvöföld net bönnuð. Rétt þótti þó að leyfa fyrirstöðunet,
er hindri sliburð í veiðinetin, en með þeim ákvæðum, sem um þau eru
sett í greininni, geta þau ekki orðið að sök.

Um 29. gr.

Nefndin taldi sjálfsagt, að ádráttarnet sættu sömu ákvæðum um
möskvavidd og lagnet, króknet og girðingar. Tvöföld ádráttarnet þótti
og rétt að banna. Víða er ádráttur stundaður þannig, einkum í hinum
smærri ám, að netin ná yfir ána þvera. Jafnframt þessu eru oft höfð net
eða önnur fyrirstaða neðan við dráttinn, þannig, að fiskurinn á sér engrar
undankomu auðið. Þótti því rétt að banna fyrirstöðunetin og gera þá

skipun á veiðinni, að aldrei megi draga net yfir meira en $\frac{2}{3}$ af breidd vatnsins, svo að fiskurinn eigi frjálsa för um þriðjung þess. Er þetta gert til þess að fiskför heftist ekki með öllu, enda þótt þess sé ekki að dyljast, að allmiklir örðugleikar eru á um það, að framfylgja ákvæði þessu og að það griðabelti, sem ákvæðið felur í sér fiskinum til handa, sé honum miklu minna virði til undankomu en göngubelti það, sem ákveðið er að verði milli veiðivéla, þó að jafnbreitt sé. Til tryggingar því, að ákvæði þetta verði haldið, hefir nefndin talið rétt, að ráðherra veitist heimild til að setja reglur um lengd ádráttarnetja í hinum ýmsu ám eða köflum þeirra, þegar næg þekking á vötnunum hefir fengizt.

Nefndin taldi og rétt að banna ádráttarveiði nær fastri veiðivél en 200 metra, því að ella mætti nota ádrátt til þess að styggja fisk í veiðivélarnar.

Um 30. gr.

Girðingar hafa verið reyndar á örfáum stöðum hér á landi nú hin síðustu ár. Eins og áður er sagt, eru þær að ýmsu leyti álitleg veiðitæki, og er líklegt, að þær muni ná hér nokkurri útbreiðslu. Eru þær einkum nothæfar þar, sem ár falla breitt á leirum eða grynningum, en á slíkum stöðum hafa veiðivélar þær, er áður hafa tíðkæzt, verið gagnslausar. Girðingarnar eru fullkomnari veiðitæki en lagnet og króknet, en um leið hættulegri, því að víða er vandalaust að girða svo langt út sem lög leyfa, og auk þess eru girðingarnar til fullra nota í vatnavöxtum, þegar netunum verður ekki við komið. Það er því nauðsynlegt að setja þessum veiðivélum allmikil takmörk. Hið mikilsverðasta ákvæði í þessa átt er um lengdina, en það gildir raunar allar veiðivélar jafnt. Ef girðingarnar næðu út í árnar miðjar, mundu þær reynast skaðleg veiðitæki, en ef þær ná aðeins yfir $\frac{1}{2}$ af breidd ána, svo sem ákveðið er í frv., munu þær ekki hindra fiskför til mikilla muna. Rétt þótti og að mæla svo fyrir, að á girðingunum skuli vera hlið við inngang í veiðikrær, er opið skuli standa um vikufriðunartíma. Er skipun þessi að öllu öruggari fyrir fiskför en að gönguleið fiskanna liggi í gegnum veiðikrærnar, eins og verið hefir. Á leirum og breiðum verða girðingarnar langar, og liggja þær þá einatt yfir ála, sem fiskurinn gengur yfir. Var því talið rétt að veita ráðherra heimild til að skipa svo fyrir, að í álum þessum skuli vera hlið, er greiði fiskför um vikufriðunartíma, þar sem það þykir æskilegt eða nauðsynlegt, að dómi veiðimálastjóra. Möskvavidd girðinga er að sjálfsögðu ákveðin sú sama og á öðrum netum, sem leyfð eru til laxveiði samkvæmt frv.

Í ósum og á leirum við sjávarósa gengur fiskurinn aftur og fram með sjávarföllum. Þótti nefndinni því rétt að setja þau ákvæði um gerð girðinganna, að fiskurinn verði þá aðeins veiddur, er hann leitar upp í ána, svo sem gert er í 4. málsg. þessarar greinar.

Um 31. gr.

Sjálfsagt þótti að kveða á um það, hversu mæla skuli breidd ár, þegar ákveða skal, hve langt megi netum leggja eða veiðivélum. Var talið sann-

gjarnast að miða málið við meðalflæði, svo sem árnar eru oftast. Vita menn þeir, sem við árnar búa, með sæmilegri nákvæmni, hvenær þær eru í meðalvexti. Meðalrennsli er og auðveldast að ákveða með rannsóknum.

Samkvæmt gildandi lögum má eigi vera skemmra milli fastra veiðivéla en 60 metrar. Nefndin taldi bil þetta of lítið, og hefir hún því sett í grein þessa ákvæði um, að það skuli vera 100 metrar, enda má það eigi minna vera. Á leirum og grynningum í hinum stærri ám geta girðingar samkv. fyrirmælum frv. orðið mörg hundruð metrar á lengd. Þar sem svo stendur á, er 100 metra bil milli veiðivélanna allt of lítið. Taldi nefndin því rétt að miða milli-bil þetta að nokkru við lengd veiðivélanna, þannig að það verði ekki minna en fimmföld lengd þeirra.

Um 32. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru tekin upp eftir Lov om Laks- og Sjøørrettfiskerierne af 8de April 1905, § 24. Taldi nefndin rétt að leggja bann við því, að nokkuð væri gert til að hindra fiskför um göngubelti ána eða greiða hana inn í veiðikví við fastar veiðivélar, því að ella mætti, einkum í hinum minni ám, breyta fiskför þannig, að stórum drægi úr friðunarráðstöfunum frumvarpsins.

Nefndin hefir og talið ástæðu til að setja í frv, almennt ákvæði um það, að bannað sé að stýggja fisk eða lokka í fastar veiðivélar. Er ákvæði þetta tekið eftir erlendri fyrirmynd, og virðist það fullkomlega réttmætt. Erlendis eru nokkur brögð að því, að reynt sé að lokka fisk í veiðivélar, einkum með ljósum. Er ekki ólíklegt, að siður þessi gæti horizt hingað til lands, ef ekki væri að gert, og hefir nefndin því talið rétt að banna hann þegar.

Um 33. gr.

Í lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febrúar 1886, er svo hljóðandi ákvæði í 2. gr.: „en renni á í fleiri kvislum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri fiskför sé í annari, og þó því aðeins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvisl“. Nefndin hefir talið sjálfsagt að breyta ákvæði þessu og láta sömu reglur haldast undantekningarlaust um veiði í kvislum og ánum óskiptum, því að sít mun talin verða ástæða til þess að slaka á friðunarákvæðum, þá er um kvislar er að ræða, þar sem vitanlegt er, að því hægra er um veiði, sem vatn er minna fyrir.

Um 34. gr.

Í 1. málsgrein greinar þessarar felast samskonar ákvæði og í 25. gr. Má því í aðalatriðum vísa til athugasemda um hana. Veiðarfæri þau, sem hér eru heimiluð til veiði í stöðuvötnum, eru hin sömu og almennt hafa notuð verið til slíkrar veiði allt til þessa.

Stöðuvötnin eru miklu misjafnari en straumvötn um gerð og alla aðstöðu til veiði. Er því ekki unnt að setja almennar reglur um lengd og skipun netja þeirra, er þar eru notuð. Nefndin hefir því talið heppilegast að veita ráðherra heimild til að mæla fyrir um þessa hluti, eftir tillögum veiði-

málastjóra, þá er nægileg þekking hefir fengizt í þessu efni. Fiskur er og harla misjafn í stöðuvötnum, einkum að stærð. Verða því eigi heldur sett almenn ákvæði um möskvavidd netja eða stærð þess fiskjar, er óþroskaður skuli teljast. Ákvæði þessi hljóta að verða misjöfn fyrir hin ýmsu vötn. Taldi nefndin því rétt að fela ráðherra að setja þau, þegar nægileg þekking hefir fengizt á vötnum og veiði.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í vatni. Mega ákvæði þessi heita að vera nýmæli í isl. lögum, en tilsvarendi ákvæði eru í öllum nýrri veiðilögum nágrannaþjóða vorra.

Um 35. gr.

Hér ræðir um gerð fiskvega, en fiskvegir eru laxastigar og önnur mannvirki, er gera veiðivötn fiskgeng eða greiða fyrir fiskför um þau.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til að gera fiskveg, að meðmæli veiðimálastjóra þurfi til að koma, ef veita á leyfið, og að hann skuli samþykkja gerð fiskvegarins og hafa eftirlit með því, hvernig verkið er unnið. Ákvæði þessi miðast við það, að fiskvegurinn myndi að jafnaði verða gerður þar, sem annar á land og veiði en þeir, sem veginn láta gera og mest not hafa af honum. Því á þeim eigi að vera þetta frjálst nema þeir fái leyfi ráðherra til þess. Til þess, að mannvirki þessi komi að sem beztum notum og verði gerð með sem minnstum kostnaði, er mikilsvert, að sérfræðingur hafi hönd í bagga, er þau eru gerð, og því er samþykki og eftirlit veiðimálastjóra áskilið.

Í 2. mgr. eru ákvæði um heimild til eignarnáms vegna fiskvega-gerðar og í 3. mgr. ákvæði um, að breytingar á fiskvegum skuli sæta sömu reglum og gerð þeirra í upphafi.

Um 36. gr.

Grein þessi ræðir um friðun fiskveganna sjálfra og fisksins, sem um þá fer, og þarf hún eigi frekari skýringa við. Aðeins skal það tekið fram, að eigi fiskvegur að koma að notum, verður einnig að friða nokkurt svæði bæði fyrir ofan hann og neðan. Þetta svæði er hér látið ná yfir 50 metra niður frá mynninu og 30 metra upp frá því. Það gefur að skilja, að sé fiskvegur í fleiri pörtum með eðlilegu rennsli á milli, þá gildir þessi friðun bilið milli partanna, sé það eigi lengra en 50 metrar.

Um 37. gr.

Í 133. gr. vatnal. er ákveðið, að leyfi ráðherra þurfi til að setja mannvirki í vatn, sem tálma myndi fiskför í því, og má ráðherra binda leyfið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til verndar hagsmunum annara, og getur hann því m. a. sett það skilyrði, að fiskvegur sé gerður

í vatninu eða meðfram stíflunni. Frv. hagar eigi þessum ákvæðum vatnaganna, en herðir aðeins á þeim, þannig, að það gerir þeim, sem mannvirki þessi gera, að skyldu að gera fiskveg, svo að fiskur geti átt jafngreiða för um vatnið og áður. Frá þessari skyldu eru þó gerðar undanþágur í 2. mgr., og virðast þær svo sjálfsagðar, að þær þurfa ekki frekari greinargerðar með.

Um 38. gr.

Ákvæði tilsvarendi gr. þessari eru algeng í veiðilögum annara þjóða. Mikil veiðispijöll geta af því hlotizt, að fiskur og þó einkum fiskseiði flækist úr veiðivatni inn í skurði eða leiðslur, er liggja úr vatninu eða í það, og verði þar til. Við þessu er að jafnaði auðvelt að gera með nokkrum umbúnaði, og er hér farið fram á heimild til að skylda eiganda veitunnar til þess að setja slíkan umbúnað í veituna.

Um VIII. kafla.

Frv. þessu er ætlað að verða að heildarlögum um lax- og silungsveiði, og þótti nefndinni því sjálfsagt að taka upp í það ákvæði um fiskræktarfélag, enda þótt lög um það efni væru nýlega sett hér á landi. Ákvæði um þetta er að finna í þessum kafla, og er hann í öllu verulegu sniðinn eftir l. nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag. Þó eru hér nokkrir viðaukar gerðir við þau og smávægilegar breytingar á stöku stað. Um nauðsyn fiskræktarfélaga og ákvæða þessara yfirleitt þykir eigi þörf að ræða hér.

Um 39. gr.

Samhljóða 1. mgr. 1. gr. l. nr. 6 1929. Orðaskýringarnar í 2. og 3. mgr. þeirrar gr. eru teknar upp í 1. gr. frv.

Um 40. gr.

Samhljóða 2. gr. l. nr. 6 1929, með smávægilegum breytingum. Í frv. er þannig ákveðið, að leiguliða skuli boða á fund, þegar landeiganda verður eigi boðaður fundur nógu snemma vegna fjarveru, og er ákvæðið þannig orðað skýrara til framkvæmdar en eins og það nú er í lögnum, því mikil óvissa getur verið á því fyrirfram, hvort landeigandi muni sækja fund eða eigi, jafnvel þótt hann sé eigi fjarstaddur.

Um 41. gr.

Samhljóða 3. gr. l. nr. 6 1929. Ákvæðið um atkvæðisrétt leiguliða er flutt hingað úr 2. gr. l. nr. 6 1929. Fer betur á, að það fylgi öðrum ákvæðum um atkvæðisrétt á fundinum.

Um 42. gr.

Samhljóða 4. gr. l. nr. 6 1929, með örlitlum orðabreytingum, er engu raska um efni.

Um 43. gr.

Samhljóða 5. gr. 1. nr. 6 1929.

Um 44. gr.

Samhljóða 6. gr. 1. nr. 6 1929. Þó er hér gerð sú breyting á lögnum, að skilyrði það, er greinir í 3. tölulið 6. gr. fyrir þátttöku leiguliða í félagsskapnum, er fellt niður. Virðist ekki vera þörf á því skilyrði, ef á annað borð svo er ástatt, að landeigandi geti tekið þátt í félagsskapnum, en hinsvegar eðlilegast og æskilegast, að landeigendur séu sem viðast sjálfir félagar í fiskræktarfélagnum, er starfa að því að auka veiðihlunnindi jarða þeirra til langframa og vinna því frekara fyrir þá en fyrir leiguliðana.

Ákvæðin í 2. og 3. mgr. 6. gr. 1. nr. 6 1929 eru dregin nokkuð saman í 2. mgr. þessarar gr., en eigi breytt að efni.

Um 45. gr.

Samhljóða 7. gr. 1. nr. 6 1929.

Um 46. gr.

Samhljóða 8. gr. 1. nr. 6 1929, nema hvað því er bætt við hér, að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði. Er þetta tekið fram til þess að taka af allan vafa um það, hvort atkvæði eigi að telja eftir tölu félagsmanna eða öðru, t. d. tölu fasteigna þeirra, er félagið tekur yfir, eða upphæð félagsgjalda.

Um 47. gr.

Samhljóða 10. gr. 1. nr. 6 1929, nema hvað hér er felld niður síðari setning 2. mgr. 10. gr., sem er óþörf endurtekning á fyrri setningu sömu mgr.

Um 48. gr.

Samhljóða 9. gr. 1. nr. 6 1929. Þó er það nýmæli gert hér, að heimilað er að ákveða í samþykkt, að jafna megi allt að $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðarins niður á fasteignirnar eftir landverði þeirra. Getur þetta einkum verið sanngjarnt, þar sem um er að ræða fasteignir, sem nú hafa lítið veidimagn, en ætla má að hljóti allmikinn veiðiauka fyrir aðgerðir félagsins, án þess þó, að sá veiðiauki verði áætlaður með nokkurri vissu.

Um 49. gr.

Samhljóða 11. gr. 1. nr. 6 1929. 2. mgr. er þó nokkru fyllra orðuð hér en þar er.

Um 50. gr.

Samhljóða 12. gr. 1. nr. 6 1929.

Um 51. gr.

Samhljóða 13. gr. 1. nr. 6 1929. Hér er því þó við aukið, að lögveð

í fasteigninni eða veiðiréttindunum fylgi gjöldunum, auk lögtaksréttarins. Virðist sanngjarnt, að gjöldin séu tryggð með þessum hætti.

Um 52. gr.

Gr. er nýmæli og þarf eigi skýringa með.

Um 53. gr.

Þess er að vænta, að fiskræktarfélögin verði með tímanum hin mesta lyftistöng til aukningar á veiðimagni vatna, og er þá heppilegt að leggja undir þau ýms veiðimál fleiri en þau ein, er beinlinis lúta að fiskrækt. Er hér gert ráð fyrir því, að félögin geti gert samþykktir um möskvastærð netja, er nota megir á félagssvæðinu, og um friðun tiltekinna svæða í veiðivötnum innan fiskihverfisins. En þess er jafnframt gætt, að búa svo um þetta samþykktarvald, að eigi sé hætt á að það verði misbrúkað.

Um 54. gr.

Í gr. þessari er veitt tvennskona eignarnámsheimild í þágu fiskræktarinnar. Í fyrri málgr. er heimilað eignarnám til byggingar og starfrækslu klakstöðva. Reynslan hefir sýnt það, að heppilegir staðir fyrir klakstöðvar eru fremur óviða. Geti því oft orðið örðugleikar á því, að koma upp klaki, ef landeigandi fæst eigi góðfúslega til að leyfa byggingu klakstöðvarinnar, og er þar því fyllsta þörf á eignarnámsheimild.

Eins og áður var getið, hefir víðast hvar, þar sem klak hefir verið reynt hér á landi, reynzt örðugt að fá nægan stofnfisk til klaksins, og má búast við, að þeir örðugleikar komi enn skýrar í ljós, ef frekari tilraunir verða gerðar um klak en hingað til hafa verið gerðar. Ákvæði 18. gr. og 1. mgr. 23. gr. bæta eigi úr þessu til fulls, og þykir því nauðsynlegt að heimila fiskræktarfélögum eignarnám til leigu á veiði í vötnum, þar sem hentugt þykir að félagið afli sér klakfisks.

Um IX. kafla.

Það er alkunnugt, að selurinn er einhver hinn skæðasti óvinur laxins og göngusilungsins. Viða er svo enn hér á landi, að selur liggur við árösa eða í veiðivötnum, og sumstaðar eru jafnvel selalátur í veiðiám. Er ómögulegt að meta, hversu mikil veiðispijöll hann gerir árlega, en ekki er að efa, að þau eru stórkostleg. Með lögum nr. 24 22. nóv. 1912 var heimilað að gera samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám, en þau lög hafa hvergi nærri komið að fullu gagni. Hafa og siðar komið fram lagafrumvörp á Alþingi um frekari útrýmingu sels úr veiðiám, sem þó eigi hafa náð fram að ganga. Nefndinni þótti sjálfsgætt að taka upp í frv. ákvæði í þessa átt. Verður hún að lita svo á, að útrýming selsins úr veiðiánum og frá ósum þeirra sé eitthvert þýðingarmesta sporið, sem hægt er að stíga til að auka veiðimagn vatnanna, og að

viðast hvar sé svo stórkostlegur munur á hagsmununum af selveiðinni annarsvegar og lax- og silungsveiðinni hinsvegar, að ekki sé áhorfsmál að leggja hina fyrrnefndu hagsmuni í sölurnar fyrir hina síðarnefndu.

Um 55. gr.

1. mgr. er tekin eftir 4. gr. l. nr. 5 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppdráp, er undanþegið banni við selaskotum svæði á Hvammsfirði, er liggur fyrir utan línu úr Ljárósum í Teighyrnu og innan línu þaðan í Hólmlátursborgir. Þetta svæði vill nefndin stækka nokkuð, þannig, að það taki yfir innsta hluta fjarðarins fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir. Ástæðan til þessa er sú, að í Hvammsfjarðarbotn renna nokkrar ár, sem sumar eru veiðiár (Haukadalsá og Laxá í Laxárdal) og aðrar að vísu nú veiðilausar, eða nálega það (Miðá, Ljá, Glerá, Laxá í Hvammssveit), en hafa áður verið veiðiár og mundu geta orðið það aftur, ef fiskur væri ræktaður í þær og selurinn fældur frá ós-unum. Á þessu svæði munu nú vera friðlýst selalátur á einni jörð, og myndi fara um þau eftir 56. og 57. gr.

Um 56. gr.

Hér ræðir um ófriðun friðlýstra selalátra. Er heimilað að ófriða þau, ef þau eru í veiðivatni eða nær áros, er lax eða göngusilungur gengur í, en 7 km. Að öðru leyti er heimildin til ófriðunar látranna lätin vera komin undir mati á hagnaðinum af fiskveiðinni í ánni annarsvegar og selveiðinni hinsvegar. Sé arðurinn af fiskveiðinni metinn meiri, má ófriða látrin þegar í stað, en annars því aðeins, að sérstakt leyfi sé fengið til þess, og er það bundið þeim skilyrðum, að fiskrækt hafi verið stunduð í vatninu með þeim árangri, að búast megi við, að fiskveiðin verði arðsamari en selveiðin. Með þessu vill nefndin búa svo um, að þau hlunnindin verði stunduð, sem arðsöm must eru.

Um 57. gr.

Hér ræðir um bætur fyrir missi selveiðinytja samkv. 56. gr. Bótaskyldan er lögð á veiðieigendur í vatninu. Þeir hafa hagnaðinn af útrýmingu selsins, og er því eðlilegt, að þeir beri kostnaðinn við þær aðgerðir. Í 2. mgr. er þó ákveðið, að bætur fyrir missi selveiða á jörðum, sem eru opinber eign, skuli aðeins greiddar þar til ábúendaskipti verða á þeim næst eftir að til bótaskyldu kemur. Er hér því farið fram á það, að hið opinbera leggi þessi hlunnindi í sölurnar til eflingar veiðiskap landsmanna. Í 4. mgr. er loks ákveðið, að bætunarnar megi falla niður tiltölulega eftir því, sem fiskveiðin eykst á jörðum þeim, er sviptar voru selveiðinni. Með veiðiaukningunni fá jarðeigendurnir í raun og veru tjón sitt bætt, og er þá ekki nema sanngjarnt, að bætur frá hinum veiðieigendunum minnki að sama skapi.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórn veiðimála og eftirlit með veiði. Á hvorugu þessu efni hefir verið neitt fast skipulag hér á landi til þessa, en umbætur á veiðilöggjöfinni og aðrar aðgerðir til að efla veiðiskap í ám og vötnum mega heita að vera þýðingarlausar, ef stjórn veiðimála eigi er komið í fastar skorður og um leið séð fyrir miklu öflugra eftirliti með veiði en að undanfögnu. Að því eiga ákvæði þessa kafla að stuðla. Nefndin taldi það affarasælast að hafa fyrirkomulagið á þessu svo einfalt sem frekast var kostur, og sneið því þessi ákvæði eigi eftir erlendum fyrirmyndum. Þar er stjórn veiðimála tíðast falin fjölmennum nefndum, sem ávallt hljóta að verða þungar í vöfunum.

Um 58. gr.

Yfirstjórn veiðimála verður að sjálfsögðu að vera í höndum atvinnumálaráðherra. Um störf veiðimálastjóra og veiðimálanefndar er rætt í næstu greinum á eftir.

Um 59. gr.

Enda þó að atvinnumálaráðherra hafi hina æðstu stjórn veiðimála, þá telur nefndin það nauðsynlegt, að við hlið hans sé í þeim málum sérfræðingur um veiðimál, er hlotið hefir vísindalega menntun um vatnalíffræði og annað, er lýtur að eðli og notkun veiðivatna. Nefndin leggur því til, að skipaður verði sérstakur veiðimálastjóri. Í 2. mgr. er yfirlit yfir störf þau, er honum er ætlað að hafa með höndum, en jafnframt er viðsvegar í hinum einstöku greinum laganna kveðið á um störf hans. Af þeim ákvæðum má sjá, að veiðimálastjóra er ætlað að hafa talsvert mikið vald. Nefndin telur vænlegast til gagns, að allar aðgerðir til eflingar veiðiskapnum verði reistar á sem traustustum vísindalegum grundvelli, og hún vill því láta atkvæði sérfræðingsins ráða miklu um allar þær framkvæmdir. Laun veiðimálastjóra taldi nefndin ekki rétt að ákveða í frv., meðan óvíst er, hversu mikið starf hans verður, en nefndin gerir ráð fyrir, að staða hans verði svipuð stöðu annara sérfróðra ráðunauta, t. d. garðyrkjustjóra og skógræktarstjóra.

Um 60. gr.

Nefndin taldi æskilegt, að veiðieigendurnir ættu einnig fulltrúa í stjórn veiðimála. Það er veiðimálanefndinni ætlað að vera. Enn sem komið er eiga veiðieigendur engan félagsskap með sér, og meðan svo er, taldi nefndin rétt, að meiri hluti veiðimálanefndar verði skipaður eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands. Þegar fiskræktarlögum fer að fjölga og þau gera samband með sér, er fenginn félagsskapur veiðieigenda, sem er sjálfkjörinn málsvari þeirra, og er þá gert ráð fyrir, að það samband taki við tillögurétti Búnaðarfélagsins og Fiskifélags-

ins um skipun nefndarinnar. Annars er gert ráð fyrir, að nefnd þessi hafi aðallega ráðgjafarvald í veiðimálum. En í einstökum atriðum er henni þó ætlað beinlínis samþykktarvald, einkum um það, hvort takmarkanir skuli gerðar á þeim rétti til veiðiskapar, er lögin veita mönnum almennt.

Um 61. og 62. gr.

Um nauðsyn þess, að eftirlit sé haft með veiði, þarf eigi að fjölyrða. Eins og áður var getið, gera nógildandi lög ráð fyrir því, að veiðieigendur liti hver eftir öðrum, og hefir slikt eftirlit reynzt allsendis ónógt. Nefndin taldi því sjálfsgagt, að horfið yrði að því ráði að taka upp eftirlit af hálfu hins opinbera, enda er það mála sannast, að það er almenningsmál, en eigi veiðieigendanna einna, hvernig veiði er stunduð, og má því eigi vera á valdi þeirra einna. Nefndin taldi rétt að láta ráðherra skipa eftirlitsmennina. Með því móti verður eftirlitið óháðast veiðieigendunum. Hve viðtækt eftirlitið verður, þ. e. hve margir eftirlitsmenn verða og við hver vötn, og hve mikið starf af þeim verður heimtað, er óhentugt að fast-ákveða í lögnum. Reynslan verður að skera úr því, hve mikils eftirlits er þörf á hverjum stað, og því er það lagt á vald ráðherra að kveða á um þetta eftir tillögum veiðimálastjóra. Um störf eftirlitsmanna eru ákvæði í 2. mgr., en jafnframt er þeim í 4. mgr. veitt nokkurskonar lögregluvald, þ. e. heimild til að taka ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti. Er brýn nauðsyn á þeirri heimild, því tafsamnt getur orðið að leita til hreppstjóra eða sýslumanns um það. Kaup eftirlitsmanna taldi nefndin rétt að yrði greitt úr sýslusjóði, en endurgreitt sýslusjóði af veiðieigendum að tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig.

Um XI. kafla.

Á síðari árum hefir verið tekin upp sú stefna að styrkja jarðrækt í landinu, sumpart með beinum styrk úr ríkissjóði til jarðabóta og ýmissa annara framkvæmda í búnaði og sumpart með lánveitingum til þeirra með hagstæðum lánskjörum. Fiskræktin nýtur eigi góðs af þessum styrkveitingum samkv. þeim reglum, sem nú gilda um þær. Nefndin leit svo á, að bæði væri þörf á styrkveitingum til eflingar fiskræktinni, sem nú er í bernsku hér á landi, og að fiskræktin hinsvegar væri svo mikið þjóðþrifamál, að ríkinu ætti að vera skylt að hlynna að henni bæði með beinum fjárstyrk og með hagkvæmum lánveitingum. Taldi nefndin því rétt að taka upp í frv. ákvæði þau, sem í þessum kafla eru.

Um 63. gr.

Hér ræðir um styrkveitingu úr ríkissjóði til byggingar klakstöðva og til fiskvegagerðar. Til klakstöðva er styrkurinn ákveðin upphæð, kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk, en til fiskvegagerðar $\frac{1}{3}$ kostnaðarins. Í sambandi við síðarnefnda atriðið má benda á það, að á síðari árum hefir

einmitt $\frac{1}{3}$ kostnaðar verið veittur í fjárlögum til að gera nokkra fossa laxgenga, t. d. Laxfoss og Glanna í Norðurá í fjárl. 1927 og Lagarfoss í fjárlögum 1928. Annars er í gr. gerður munur á því, hvort fiskræktarfélag eða aðrir gera þessi mannvirki. Fiskræktarfélagin skal skylt að styrkja til þessara framkvæmda, aðra er aðeins heimilt að styrkja til þessa. Vill nefndin með þessu fyrirheiti til fiskræktarfélaganna hvetja menn til að stofna þau sem víðast.

Um 64. gr.

Fiskrækt í vatni, sem áður var veiðilaust, hlýtur oftast nær að verða nokkuð áhættusöm. Hinsvegar er æskilegt, að tilraunir séu sem víðast gerðar með það. Nefndin telur því rétt að styrkja þá menn, er í slíkt ráðast, með tiltekinni upphæð fyrir hvert þúsund seiða, er þeir flytja í vatnið.

Um 65. gr.

Nefndin telur mikilsvert, að framkvæmdir þær, er ræðir um 63. og 64. gr. séu gerðar eftir ráðum sérfróðra manna, og telur því rétt að binda styrkveitingarnar því skilyrði, að veiðimálastjóri mæli með þeim og hafi haft eftirlit með gerð þeirra mannvirkja, er styrkur er veittur til, og samþykkt gerð þeirra.

Ætla má, að langt verði þangað til klakstöðvar geta fullnægt eftirspurninni eftir fiskseiðum. Er því e. t. v. hætt við, að verðið á seiðunum verði óhæfilega hátt. Til þess að koma í veg fyrir það, þótti nefndinni rétt að heimila ráðherra að setja hámarksverð á seiði, sem seld eru frá klakstöðvum, er styrkur hefir verið veittur til úr ríkissjóði.

Um 66. gr.

Auk styrksins skv. 63. og 64. gr. mun oft reynast þörf á hagkvæmum lánum til fiskræktar. Sýnist eðlilegast, að þau lán verði veitt úr Ræktunarsjóði, en til þess er eigi heimild nú, sbr. 8. gr. l. nr. 17 13. júní 1925. Nefndinni þótti rétt að heimila þetta, og að ákveða þá um leið hámark lánstíma og hámarksupphæð lána. Þegar fiskræktarfélag er lántakandi, mundi oft verða örðugt að afla trygginga þeirra fyrir lánum, sem nefndar eru í 9. gr. l. nr. 17 1925, og taldi nefndin því rétt að heimila að veita slík lán gegn sameiginlegri ábyrgð félagsmanna. Ætti slík trygging venjulega að vera fullnægjandi.

Um XII. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um matsgerðir samkv. lögum þessum.

Um 67. gr.

Úr ágreiningi um þau atriði, sem ræðir um í 1. mgr., verður ekki skorið nema með rannsókn á staðháttum. Er æskilegt, að kostur sé á handhægni og greiðri aðferð til að úrskurða slík mál, og er hér því mælt svo fyrir, að matsgerð geti skorið úr þeim. Er þar fylgt fyrirmynd vatna-

laganna, er lætur matsgerð skera úr mörgum svipuðum atriðum. Að öðru leyti þarf eigi að skýra gr. þessa ~~náms~~.

Um 68. gr.

Þarf eigi skýringu með.

Um XIII. kafla.

Refsiákvæði nógildandi laga um veiðimál eru flest miðuð við allt annað gildi peninga en nú er, og því mikils til of lág. Er yfirleitt hert á þeim i þessum kafla.

Um 69. gr.

Ákvæði gr. eru tekin óbreytt eftir 2. og 3. mgr. 129. gr. vatnal.

Um 70. gr.

Brot þau, er ræðir um i þessari gr., eru öll meiri háttar brot á veiðilögnum, og þótti því rétt að láta lágmark sekta fyrir þau ekki vera lægra en 100 kr.

Um 71. gr.

Veiðiaðferðir þær, er ræðir um i gr., eru sérstaklega hættulegar. Þær munu að vísu lítið hafa verið notaðar hér á landi, en þó hefir leikið orð á því, að það muni hafa komið fyrir, að sprengiefni hafi verið notuð við lax- og silungsveiðar. Þótti rétt að hafa sérstakt refsiaákvæði um þessi brot, og það miklu harðara en um önnur brot gegn ákvæðum frv.

Um 72. gr.

Sektarákvæði þetta tekur til allra brota á ákvæðum frv. og á reglum, sem samkv. þeim eru settar, er eigi falla undir 69.—71. gr. Þessi brot eru minni háttar og sektarákvæðin því lægri.

Um 73. gr.

Samskonar ákvæði er nú i 2. mgr. 129. gr. vatnal.

Um 74. gr.

Í 8. gr. l. nr. 5 19. febr. 1886 er mælt svo fyrir, að öll „ólögleg veiði-áhöld“ skuli upptæk. Samkvæmt nógildandi lögum er því ekki heimilt að gera upptæk lögleg veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, t. d. á friðunartíma. Þetta hefir mælt mjög illa fyrir, og þess vegna er því breytt hér á þá leið, að upptökuheimildin nær einnig til löglegra veiðitækja, sem notuð eru með ólöglegum hætti, t. d. á friðunartíma eða friðuðum stöðum. Er þess að vænta, að friðunarákvæðin verði áhrifameiri fyrir það.

Um 75. gr.

Samkv. nógildandi lögum renna sektir fyrir brot á veiðilögum til sveitarsjóðs og að nokkru leyti til uppljóstrarmanns. Hér er þessu breytt

á þann veg, að sektirnar renni allar í sýslusjóð, og er það gert með hliðsjón af því, að sýslusjóðir eiga að greiða kostnaðinn við eftirlit með veiði.

Um 76. gr.

þarf ekki skýringa með.

Um XIV. kafla.

Um 77. gr.

þarf ekki skýringa með.


VIII. Um fastar veiðivélar og notkun þeirra.

Til leiðbeiningar hefir þótt rétt að láta stutta lýsingu á gerð og notkun fastra veiðivéla fylgja frumvarpinu, og er hún sem hér segir:

1. *Lagnet* eru óbrotlust og frumlegust allra veiðivéla. Þau eru gerð úr netriðli, sem á báðum hliðum er felldur við strengi úr snæri eða kaðli og teinar nefnast. Við annan teininn, sem nefnist fláateinn, er fest korkbútum svo mörgum, að þeir geti haldið netinu uppi í vatninu. Á hinn teininn, leggjateininn, eru dregnir leggjabútar, eða við hann er fest steinum, blýi eða járnfesti, svo að hann leiti botns, þá er netinu er lagt í vatn.


Lagnet eru nú einkum notuð til silungsveiði í sjó og stöðuvötnum. Er þeim þá lagt annaðhvort við stjóra og dufl úti í vatni eða frá bakka við landtaug. Oftast liggja þau bein eða litið eitt buguð. Í straumvötnum eru lagnetin óviða notuð, því að erfitt er að stöðva þau í straumi, og þykja þau ekki veiðin. Er þeim þar helst lagt forstreymis frá landi, þar sem klappir eða eyraroddar standa út í vatnið, svo að iða verði neðan við eða andstreymi, sem haldi netunum frá landi. Mun þetta vera það, sem Grágás kallar að leggja netum strandlagi.

2. *Króknet* eru komin frá lagnetunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildirur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum yzta kláf er öðru neti lagt *undan straumi*, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er *upp móti straumi*. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir sem lengra dregur forstreymis, unz bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað, að *svifa honum*



svo langt út, sem lög leyfa, og helzt út fyrir höfuðstreng eða straumlinu árinna. Milli lands og netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veisikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlinu. Nokkuð af honum lendir í kvinni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, unz fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.



Króknetum verður ekki við komið í stríðum straumi, og ekki verða þau að fullum notum þar, sem aðdjúpt er eða langt út að straumlínu, svo sem víða er í hinum stærri ám landsins. En í flestum ám eða öllum eru þó margir slíkir staðir, að þau verði að miklu gagni, enda eru þau algengust allra veiðivéla, sem hér eru notaðar. Þann ágalla hafa þau, að fiskurinn ánetjast í þeim, og er því ekki sem álitlegust vara.


3. *Kistur* eru veiðigildrur, áþekkar króknetum í aðaldráttum. Kláfar með grjóti í eru settir út í ána, á sama hátt og í króknetunum, en á þá er ekki fest net til fyrirstöðu, heldur trégrindur með þéttum rimlum, er snúa upp og niður í vatninu. Frá yzta kláfnum liggur önnur girðing

undan straumi. Hún er einnig gerð úr grindum, og er þeim fest við kláfa, staura eða steina. Á þennan hátt verður veiðikví niður frá þvergirðingunni á sama hátt og við króknetin. Ofan við þvergarðinn er svo kistan sjálf sett. Hún er þrihyrndur rimlákkláfur um 2 metrar á hvern veg. Henni er svo fyrir komið, að hið hvassasta horn hennar veit móti straumi og klýfur hann, en stytta hliðin snýr undan straumi, og liggur hún fast við fyrirstöðugirðinguna. Á þessari hlið er op, sem þannig er gert, að fiskurinn kemst inn um það, en ekki út aftur. Á kistunni er svo venjulega lok, og í því hlemmur, er opna má, til þess að ná fiskinum úr kistunni. Þess er vandlega gætt, að sem mestur straumur verði gegnum kistuna. Er hún því sett þar, sem rennsli er mest gegnum girðinguna, en það er venjulega fremst við hana eða framanvert.

Fiskur sá, er gengur í veiðikví við kistu, lendir á þvergarðinum og leitar útkomu. Sækir hann fast í strauminn og finnur þá fyrr eða síðar opið inn í kistuna. Kisturnar eru einkum nothæfar þar, sem straumur er mikill og dýpi við hæfi, og má það varla vera meira að jafnaði en 1 meter. Þær eru nú óvíða notaðar hér á landi. Má þó svo heita, að þær séu hið eina veiðitæki, sem komið verði við þar, sem ár eru straumharðar og falla á flúðum og stórgrýti. Þann kost hafa þær yfir króknetin, að fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Er hann því ómeiddur og óþreyttur, þegar hann er úr þeim tekinn.

4. *Girðingar* eða *veiðigirðingar* eru allmjög frábrugðnar króknetum og kistum. Þær eru á þann hátt gerðar, að girðingastaurar eru reknir niður í árbotninn hver fram af öðrum, og svo margir sem þurfa þykir. Á staura þessa er svo fest neti úr vír eða vörpugarni, svo þéttriðnu, að fiskur geti ekki smogið það. Þannig er girt svo langt út frá landi, sem unnt er eða leyfilegt. Frá girðingunni eru síðan lagðir leiðarar, eins margir og æskilegt þykir. Eru þeir gerðir á sama hátt og sjálf aðal-girðingin og liggja á ská niður eftir ánni og í áttina til lands, þannig að hvasst horn, 45—60°, verður milli þeirra og aðalgirðingarinnar. Lengd þeirra er mismunandi, eftir vild og ástæðum. Í króknum milli leiðara og aðalgirðingar er litið op, sem liggur inn í þrönga netkró, en úr henni er aftur op inn í aðra kró, sem er eins og hin fyrri. Báðar þessar krær snúa þvert á straumstefnu og eru raunar hluti af aðal-girðingunni, svo langt sem þær ná. Úr innri krónni er enn eitt op, og liggur það inn í hina þriðju kró. Er hún minnst krónna og veit upp móti straumi.

Þá er fiskurinn gengur upp eftir ánni, rektst hann á aðal-girðinguna. Leitar hann þá út frá landi, unz hann lendir í kvi þeirri, er verður milli leiðara og aðal-girðingar. Lætur hann þá lokkast inn í krærnar, lengra og lengra, allt inn í hina innstu kró. Á hann sér þá engrar undankomu von, því að hann leitar jafnan í strauminn eftir útgöngu, enda er svo um krærnar búið, að óhugsandi er, að nokkur fiskur geti ratað út úr þeim.



Girðingar hafa ekki verið notaðar hér á landi fyrr en nú á allra síðustu árum. Þær eru allgóð veiðitæki, en dýr. Ekki verða þær notaðar í miklum straumi eða grjótbótum. En á leirum og lygnum árbreiðum henta þær best allra veiðitækja. Þær hafa þann sama kost og kisturnar, að þær skemma ekki fiskinn eða þreyta hann.

Þau veiðitæki, sem hér hafa talin verið, bæta upp hvert annars ágalla, þá er á þeim eru frá verklegu (veiðiteknisku) sjónarmiði. Þeir staðir eru fáir í vatni, að engu þeirra verði við komið.